

Fjölskylduvæn veiðivötn um land allt
ferðast 18



ÍSLAND eins og það átti að verða
framtíðarspá fortíðar 16



spottið 10



Fær frí vegna Gay Pride
íþróttir 20


# FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
HELGARÚTGÁFA

31. júlí 2010 — 178. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000




### Gjástykki eins og Mars

*Ómar Ragnarsson er með átta heimildarmyndir í vinnslu.*
**viðtal** 12

### Í miklum metum

*Guðmundur Guðmundsson ráðinn íþróttastjóri hjá Rhein-Neckar Löwen.*
**sport** 28

### Ósáttur við Djúpið

*Sundkappinn Guðlaugur Friðþórsson er ósáttur við að nafn hans sé tengt við kvikmyndina Djúpið.*
**fólk** 34



3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fjölskylda | Allt | Allt atvinna





**STÓRGLÆSILEGUR KOLKRABBI** Glæsisnekkjan Octopus, eða Kolkrabbinn, lá við akkeri í Reykjavíkurhöfn í gær og vakti mikla athygli enda ferlíkið einir 126 metrar á lengd og búið tveimur kafbátum svo eitthvað sé nefnt. Um 60 manns eru í áhöfn Octopus. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Flutti fé eftir kyrrsetningu

**Jón Ásgeir Jóhannesson færði til rúmar 110 milljónir króna degi eftir kyrrsetningu eigna hans í Bretlandi. Slitastjórn Glitnis segir hörð viðurlög við slíku. Jón Ásgeir segir aðgerðina vera byggða á sýndarmennsku.**

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson millifærði rúmar 110 milljónir íslenskra króna degi eftir að eignir hans voru kyrrsettar í Bretlandi þann 11. maí síðastliðinn. Slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, samkvæmt formanni slitastjórnar Glitnis.

Færð voru í rúm 585 þúsund pund til tveggja breskra fyrirtækja, Aspiring Capital Partners LLP og Bohemian Parters LLP. Forsvarsmenn fyrirtækjanna eru nánir samstarfsmenn Jóns Ásgeirs, Tina Maree Kilmister og Jeffrey Ross Blue, einn af fyrrverandi stjórnendum Baugs. Fjárhæðirnar hafa nú verið kyrrsettar.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, segir brot á kyrrsetningarúrskurði geti haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér, jafnvel fangelsisvist. „Jón Ásgeir segist hafa gildar skýringar fyrir millifærslunum, en við, ásamt dómara, teljum nú ástæðu til að kyrrsetja eignir hjá þriðja aðila,“ segir Steinunn.

Jón Ásgeir segist hafa verið að borga skuldir sínar við fyrirtækin og að greiðslufyrirmæli hafi verið gefin út 7. maí.

„Það tekur tvo daga að koma greiðslufyrirmælum í gegn í Bretlandi og þetta lenti á helgi. Þegar reikningurinn var frystur þá voru greiðslufyrimælin þegar til staðar, enda hefði ekki verið hægt að færa útaf reikningnum ef hann hefði verið frosinn,“ segir Jón Ásgeir. „Þessi fyrirtæki hafa leyfi til þess að eyða 40 þúsund pundum af þessum peningum á mánuði og þegar niðurstaða liggur fyrir í málinu verða þeir löngu búnir. Þetta er bara sýndarmennska fyrir kröfufundinn á föstudaginn í næstu viku.“

Steinunn segir að ef Jón Ásgeir færi til frekari eignir, geti hann átt harða refsingu yfir höfði sér. Verið er að skoða hvort ástæða sé til að beita frekari viðurlögum. - sv


FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI
RISA MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
OPIÐ 11 - 19
ALLA DAGA VIKUNNAR
Þúsundir titla í boði
TÓNLIST DVD BÆKUR
Nýjar vörur daglega

Ostarúllurnar frá Ostahúsinu
á ostabakkann og í matargerð
www.ostahusid.is
PEKKING • REYNSLA • GÆÐI
Osta HÚSIÐ
STOFNAÐ 1992




**SPURNING DAGSINS**



*Valur, heldurðu að þú fáir fullt hús?*

„Já, og ætli það verði ekki röð líka. Ég held að það sé alveg ljóst að það verður troðið út úr dyrum.“

Pókersamband Íslands stendur fyrir Íslandsmóti á Hótel Örk í Hveragerði í byrjun október. Valur Heiðar Þráinsson, formaður mótanefndar sambandsins, býst við mikilli aðsókn.

Forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar segir einhug um ráðningu nýs bæjarstjóra:

# Fundu bæjarstjóra milli auglýsinga

**SVEITARSTJÓRNIR** Enginn þeirra 23 sem sóttu um starf bæjarstjóra Vesturbyggðar hefur að sögn Ingimundar Óðins Sverrissonar, forseta bæjarstjórnar, gert athugasemdir við að þeim var öllum hafnað og Ásthildur Sturludóttir, sem ekki sótti um, ráðin. Ingimundur Óðinn segir sex hafa dregið umsókn sína til baka og að enginn hinna sautján hafi fullkomlega uppfyllt kröfur bæjarstjórnarinnar. Öllum umsóknum hafi því verið hafnað og auglýsa átti starfið að nýju.

„Þá frétti ég að Ásthildur hefði verið ein umsækjenda sem fóru í gegnum ferli hjá Capacent vegna bæjarstjórastarfsins á Ísafirði. Ég ákvað að kanna það og hún hafði mikinn áhuga á að koma hingað svo við kölluðum hana í viðtal. Ákvörðunin var tekin í kjölfarið,“ útskýrir Ingimundur Óðinn og undirstrikar að Ásthildur hafi ekki komið til tals fyrr en öðrum umsækjendum hafði verið synjað. Hún hafi verið ráðin í samráði við minnihlutann í bæjarstjórn.



ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR

„Það skiptir miklu máli að fá góða manneskju í þetta. Við erum með ákveðnar kröfur; við óskum eftir að fólk sé með háskólamenntun og að það sé tilbúið til að dveljast hérna. Ásthildur hefur enga reynslu af bæjarstjórastöðu en hefur menntun í þessu og hefur verið verkefnisstjóri yfir stórum verkefnum og séð um fjárhagsáætlanagerð. Það skiptir líka máli að hún hefur gríðarlega góð tengsl við stjórnmál og þekkir marga,“ segir forseti bæjarstjórnar. **- gar**

Vöruskipti hagstæð í júní:

## Meiri afgangur en var í fyrra

**EFNAHAGSMÁL** Vöruskipti við útlönd í júní voru hagstæð um 8,7 milljarða króna. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru fluttar út vörur fyrir tæpa 48 milljarða og inn fyrir 39,3 milljarða.

Afgangur á vöruskiptunum er 40 prósentum meiri en í júní í fyrra, þegar þau voru hagstæð um 6,2 milljarða króna, á sama gengi.

Sömuleiðis voru vöruskiptin fyrstu sex mánuði ársins 22 milljörðum króna hagstæðari en í fyrra. Afgangur í ár nam 63,9 milljörðum. **- óká**

Skrásettu kirkjur á Google:

## 360 kirkjur á einum stað

**FÓLK** Bræðurnir Andrés og Þórarinn Andréssynir hafa sett á laggirnar vefsíðu þar sem hægt er nálgast myndir, staðsetningu og fróðleik um allar kirkjur landsins. „Þetta tengist ekki neinum sérstökum trúaráhuga hjá okkur bræðrunum en við höfum ferðum okkar um landið tekið eftir því að það eru til svo margar fallegar kirkjur sem fáir vita af,“ segir Andrés en þeir hafa fengið góðar viðtökur við síðunni www.kirkjukort.net. Bræðurnir unnu með Google maps forritið og því auðvelt fyrir lesandann að finna allar kirkjur landsins sem eru um 360 talsins. **- áp /** **sjá síðu 34**



ANDRÉS ANDRÉSSON

Ný rannsókn í sálfræði:

## Uppteknir hamingjusamari

**VÍSINDI** Ný rannsókn sálfræðinga við Chicago-háskóla í Bandaríkjunum bendir til þess að þeir sem hafa nóg að gera séu töluvert hamingjusamari en þeir sem sitja aðgerðarlausir. Skiptir þá engu hvort verkefni þeirra uppteknu séu fullkomlega tilgangslaus.

Rannsókninni var ætlað að svara spurningunni af hverju fólk er jafn upptekið í nútímasamfélagi og raun ber vitni. Einn rannsakendanna sagði að sér hefði alltaf fundist einkennilegt hvernig fólk hleypur um og leggur hart að sér umfram það sem endilega mætti búast við. „Vissulega sækist fólk eftir ýmsu á borð við peninga, frægð og fleira en ég held að það sé einhver dýpri ástæða fyrir því af hverju við forðumst það að vera aðgerðarlaus.“ **- mþl**

# Veiði borgarfulltrúa kostaði 641 þúsund

**Orkuveita Reykjavíkur eyddi 641 þúsund krónum í borgarfulltrúa sem veiddu lax í Elliðaánum. Þrettán borgarfulltrúar allra flokka nema VG veiddu frítt á síðasta kjörtímabili að því er kemur fram í svari við fyrirspurn frá síðasta ári.**

**REYKJAVÍKURBORG** Kostnaður Orkuveitu Reykjavíkur vegna laxveiða borgarfulltrúa í Elliðaánum nam 640.896 krónum sumarið 2009. Þetta kemur fram í síðbúnu svari skrifstofu borgarstjóra við fyrirspurn sem Ólafur F. Magnússon, þáverandi borgarfulltrúi, setti fram í borgarráði 12. nóvember í fyrra.

Fyrirspurn Ólafs var aldrei svarað formlega. Engar skýringar fengust á því þegar Fréttablaðið leitaði eftir þeim á skrifstofu borgarstjóra fyrir um þremur vikum. Í formlegu svari sem nú hefur borist frá borgarstjóraskrifstofunni er heldur engin skýring gefin þótt um hana hafa verið beðið. Hins vegar eru veitt svör við spurningum Ólafs frá í nóvember eins og óskað var eftir. Borgin segir svörin byggð á upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Eins og áður segir nam heildarkostnaður vegna veiðidaga kjörinna fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur tæplega 641 þúsund krónum í fyrra. Kostnaðurinn er ekki sundurliðaður og ekki kemur fram hvort veiðileyfi eru reiknuð þar inn.

„Björk Vilhelmsdóttir, Björn Ingi Hrafnsson, Dagur B. Eggertsson, Gísli Marteinn Baldursson, Jórunn Ósk Frímannsdóttir Jensen, Kjartan Magnússon, Ólafur F. Magnússon, Óskar Bergsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Stefán Jón Hafstein, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir,“ er svarið við spurningunni um hvaða borgarfulltrúar hafi þegið boð um veiði í Elliðaánum sumrin 2006, 2007, 2008 og 2009, það er á síðasta kjörtímabili.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON OG ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** Oddvitar Sjálfstæðisflokks og F-lista voru meðal þeirra þrettán borgarfulltrúa sem þáðu ókeypis laxveiði á síðasta kjörtímabili. Þótt þeir séu báðir hættir í borgarstjórn munu þeir áfram geta veitt einu sinni ári í Elliðaánum sem fyrrverandi borgarstjórar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> Skrifstofu borgarstjóra er ekki kunnugt um hvaða embættismenn hafa fengið eða þegið slík boð.
>
> **SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA**

Orkuveitan segir ekki hægt að sundurgreina kostnað vegna hvers borgarfulltrúa fyrir sig eins og Ólafur óskaði eftir. Þá sé ekki hægt að greina frá því hverjum öðrum en borgarfulltrúum hafi verið boðið í laxveiði á dögum ætluðum fyrir kjörna fulltrúa.

„Borgarfulltrúar fá boð um veiði en í einhverjum tilvikum hafa einstakir embættismenn fengið boð um að veiða ef borgarfulltrúar forfallast. Skrifstofu borgarstjóra er ekki kunnugt um hvaða embættismenn hafa fengið eða þegið slík boð,“ segir í svarinu.

Loks var spurt hvort í ofangreindri kostnaðartölu sé tekið tillit til kostnaðar vegna annarra en borgarfulltrúa, svo sem embættismanna borgarinnar og Orkuveitunnar ásamt stjórnarmönnum og starfsmönnum OR. Búast má við að útlagður kostnaður OR vegna veiðidaganna sé enn meiri en að framan greinir því svarið er það að talan feli ekki sér kostnað vegna annarra en borgarfulltrúanna sjálfa.

gar@frettabladid.is

Herjólfur festist í höfninni:

## Höfnin er enn á byggingarstigi

**SAMGÖNGUR** Herjólfur strandaði í Landeyjahöfn á miðnætti aðfaranótt föstudags. Verið var að leggja úr höfn með um 500 farþega á leið til Vestmannaeyja en greiðlega gekk að losa ferjuna og seinkun var ekki mikil.

Gísli Viggósson, forstöðumaður Siglingastofnunar, segir endanlega dýpkun við Landeyjahöfn enn eiga eftir að fara fram og svona atvik séu ekki óalgeng þegar hafnir eru fyrst teknar í notkun. „Málið er úr sögunni eftir að grafa dýpkaði botninn í gær,“ segir hann. „Herjólfur er nú á áætlun og verður á áætlun.“ **- sv**



**FACEBOOK** Vinsælasti samskiptavefur heims hefur yfir 500 milljónir notenda.

Facebook bráðlega á markað:

## Ráðlagt að bíða í tvö ár í viðbót

**TÆKNI** Mark Zuckerberg, eigandi samskiptavefsins Facebook, ætlar sér að setja fyrirtækið á markað á næstunni. Notendur Facebook eru nú orðnir yfir 500 milljónir.

Samkvæmt fréttastofunni Bloomberg, segja sérfræðingar að Zuckerberg geti sett fyrirtækið á markað hvenær sem er, en hins vegar væri skynsamlegt af honum að bíða í um það bil tvö ár til viðbótar. Sá biðtími myndi auka sölu auglýsinga til muna og fleiri notendur ættu eftir að bætast á vefinn.

Facebook var stofnað í febrúar 2004, upphaflega ætlað sem samskiptanet á milli nemenda Harvard-skólans í Bandaríkjunum. **- sv**






Stærsta ferðahelgi ársins gengin í garð með tilheyrandi umferðarþunga:

# Umferðin hefur gengið stórslysalaus

**UMFERÐ** Umferð á vegum landsins var með þyngra móti í gærkvöldi en gekk þó stórslysalaust fyrir sig. Ekki var mikið um hraðakstur, enda gafst ökumönnum ekki færi á því raðir mynduðust á þjóðvegum. Samkvæmt lögreglu er ekkert óvenjulegt við umferðarþungann um verslunarmannahelgina í ár.

Hrafn Árnason, hjá umferðardeild Lögreglunnar í Reykjavík, segir umferðina úr bænum ganga vel.

„Þetta er ósköp venjulegt og allt gengur vel. Þétt og þung umferð út úr bænum í báðar áttir sem við búumst við eitthvað áfram,“ segir Hrafn. „Það varð ein bílvelta hjá Svínahrauni en engin slys urðu á fólki. Bílstjórinn sofnaði trúlega við stýrið og lenti utan vegar.“

Lögreglan á Akureyri segir allt vera með hinu besta móti og segist varðstjóri halda að flest allt unga fólkið í bænum hafi lagt leið sína til Vestmannaeyja. Um tíu þúsund manns voru komnir á Þjóðhátíð í gærkvöldi og búist er við því að sú tala gæti tvöfaldast í dag og metaðsókn verði að hátíðinni í ár. **- sv**



**ÚTÍ EYJUM** Lögreglan í Vestmannaeyjum var vel sýnileg í gær og notaði meðal annars fíkniefnahund til að þefa af gestum sem komu á Þjóðhátíð. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON




10 lítrar
**6.795**
~~8.995~~

**Húsa Útimálning**
10L Hvítt
7207040

ÖLL VIÐARVÖRN
**25%**
AFSLÁTTUR

Þekur 50m² í tveimur umferðum



**Regn og vindsett m/öndun**
dömu til í gráu og rauðu, herra til grá og blá, (barnastærðir rautt og grátt jakki 2999 buxur 2999)
5868030-5868088

JAKKI
**3.999**
~~5.999~~

BUXUR
**2.999**
~~3.999~~

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

# GARÐÚTSALA
## síðustu dagar

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

## TRJÁPLÖNTUÚTSALA



**7.990**
~~10.795~~

**Tjald 4 manna Arizona**
Með himni og fortjaldi.
5869200

ÖLL TJÖLD
**20%**
AFSLÁTTUR
meðan birgðir endast



ÖLL SUMARBLÓM & GARÐPLÖNTUR
**50%**
AFSLÁTTUR



GARÐSETT
**19.900**
~~27.990~~

**Garðsett**
80 sm borð með 4 stólum
3899138

ÖLL GARÐHÚSGÖGN
**25%**
AFSLÁTTUR
meðan birgðir endast



Hi Point GREINA-& GARÐKLIPPUR
**40%**
AFSLÁTTUR




**Gæða gasgrill Burny Sizzler 200**
10.0 kW
Grillflötur 44x50 sm.
Hitagrind 44x14 sm
2 ryðfríir brennarar
Flame tamer hlíf yfir brennurum
**Postulínsemelerað lok, grill og grillgrind sem varnar ryðmyndun.**
3000272

**39.900**
~~49.900~~

**Látum verkin tala!**

## Afgreiðslutími um verslunarmannahelgina

Skútuvogur : laugardagur 10-19 • Sunnudagur 11-19 • Mánudagur lokað
Grafarholti: laugardagur 10-18 • Sunnudagur lokað • Mánudagur lokað
**Sjá nánar um afgreiðslutíma Húsasmiðjunnar um land allt á www.husa.is**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 30.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,21 | 120,79 |
| Sterlingspund | 187,16 | 188,06 |
| Evra | 156,12 | 157,00 |
| Dönsk króna | 20,950 | 21,072 |
| Norsk króna | 19,598 | 19,714 |
| Sænsk króna | 16,535 | 16,631 |
| Japanskt jen | 1,3915 | 1,3997 |
| SDR | 182,42 | 183,50 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
211,0277

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðskiptaráð segir þreifingar hins opinbera ógrundaðar í besta falli en vafasamar í versta falli:

# Átelur stjórnvöld vegna Magma-máls

**STJÓRNMÁL** Viðskiptaráð er mjög óánægt með framgöngu ríkisstjórnarinnar í máli kanadíska fyrirtækisins Magma Energy. Í greinargerð frá Viðskiptaráði um málið segir að hringlandaháttur, stefnuleysi og ákvarðanafælni stjórnvalda í stórum og mikilvægum málum geri mörgum aðilum í atvinnulífinu erfitt um vik.

Greinargerð Viðskiptaráðs var birt í gær og fjallar um erlenda fjárfestingu. Þar segir að fjárfesting sé ein af grunnstoðum hagvaxtar og forsenda þess að endurreisn hagkerfisins geti orðið að veruleika fyrr en síðar. Pólitísk afskipti séu því ekki til þess fallin að stuðla að sameiginlegu markmiði okkar allra, að efla hagvöxt og með því lífskjör á komandi árum.

Viðskiptaráð bendir á þá staðreynd að Ísland er í öðru sæti á lista yfir þau aðildarríki OECD sem hafa mestar takmarkanir á beinni fjárfestingu erlendra aðila. Af því megi ráða að Ísland sé almennt eftirbátur annarra ríkja þegar kemur að umgjörð fjárfestingar í alþjóðlegu samhengi.

Enn fremur kemur fram í greinargerðinni að Viðskiptaráð telji atburði undanfarinna vikna ekki til þess fallna að efla tiltrú erlendra fjárfesta á Íslandi. Eðlilegt sé að spyrja sig hvort fjárfestar muni yfirhöfuð hætta á að fjárfesta hérlendis á komandi árum af ótta við pólitísk afskipti af einstökum verkefnum eða fjárfestingum. **- mþl**



**VIÐSKIPTARÁÐ** Stjórnvöld fá ákúrur frá Viðskiptaráði í nýútkominni greinargerð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**FISKUR Í BALA** Verðmæti sjófrysts afla var tæpir 14 milljarðar fyrstu fjóra mánuði ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aukið verðmæti á milli ára:

## Verðmæti afla 45,6 milljarðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 45,6 milljörðum króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins, samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands.

Á sama tíma í fyrra var verðmæti aflans 35 milljarðar. Aukningin nemur 10,6 milljörðum eða 30,2 prósentum. Fram kemur að verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu innanlands hafi numið 20,3 milljörðum, aukist um 38,2 prósent frá fyrra ári. Þá hafi verðmæti afla sem keyptur er á markaði til vinnslu innanlands aukist um 42,6 prósent milli ára og verið um 7,4 milljarðar króna. **- óká**

### FASTEIGNAMARKAÐUR

**Eigendum fasteigna fækkar**

Eigendum fasteigna fækkaði milli ára um 0,7 prósent en það hefur ekki gerst áður í sögunni. Þetta kemur fram í upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu um álagningu opinberra gjalda í ár. Í fyrra áttu tæplega 97.200 fjölskyldur fasteignir á landinu en í ár eru þær rúmlega 96.500.

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá áliti samtakanna Frumtaka á lyfjamarkaðnum á Íslandi og það sagt koma fram í ályktun samtakanna. Formaður samtakanna vill koma því á framfæri að ekki hafi verið um formlega ályktun samtakanna að ræða, heldur hafi sjónarmiðin verið viðruð í frétt sem birtist á heimasíðu þeirra.

## Umhverfis landið



### Bílslys og akstur undir áhrifum

**BORGARNES** Tíu ára gömul stúlka varð fyrir bíl á tjaldsvæði Unglingalandsmóts UMFÍ í Borgarnesi á fimmtudagskvöld. Slysið varð við innkeyrsluna á svæðið. Stúlkan ristarbrotnaði. Mikill fjöldi ferðamanna er í Borgarnesi og á leið um svæðið. Lögreglan stöðvaði einnig ungt par við umferðareftirlit á fimmtudagskvöld. Parið reyndist undir áhrifum fíkniefna og fundust fíkniefni á karlmanninum. Fólkið var á leið í ferðalag og var ungt barn þeirra í bílnum.

### Á 146 kílómetra hraða við Blönduós

**BLÖNDUÓS** Ökumaður sem ók á 146 kílómetra hraða við Blönduós var stöðvaður af lögreglu aðfaranótt föstudags. Ökumaðurinn mun í kjölfarið missa prófið í að minnsta kosti tvo mánuði og þarf að borga yfir 100 þúsund króna sekt. Nokkrir ökumenn til viðbótar voru teknir fyrir of hraðan akstur á fimmtudag og aðfaranótt föstudags, en lögregla segir að umferð hafi verið talsvert mikil í báðar áttir.

### Golfvöllur skemmdur enn á ný



**AKUREYRI** Golfvöllur Akureyrar var skemmdur í þriðja sinn í sumar í vikunni. Töluverðar skemmdir voru unnar á svæðinu. Brotist var inn í bíl og í kúluvél á æfingasvæðinu. Þá var golfbíll skemmdur og brotist inn í tvo gáma. Í gámunum eru skápar fyrir félagsmenn og um þrjátíu hurðir voru brotnar upp. Engu var stolið. Nú er unnið að úrbótum og öryggismál á svæðinu eru til skoðunar vegna skemmdarverkanna.



### Fjarðarheiðargöng verði sett á áætlun

**FLJÓTSDALSHÉRAÐ** Bæjarráð Fljótsdalshéraðs og bæjarstjórn Seyðisfjarðar skora á samgönguyfirvöld að setja Fjarðarheiðargöng inn á næstu samgönguáætlun. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar ítrekar með þessu fyrri ályktanir um rannsóknir og undirbúning vegna gerðar gangna. Telur bæjarstjórnin upp rök fyrir því að framkvæmdinni verði flýtt, til dæmis öryggismál, atvinnumál, flutninga, ferðaþjónustu og verslun. Göngin myndu tengja Seyðisfjörð við Hérað. Fljótsdalshérað segist styðja baráttu Seyðfirðinga af heilum hug.

### Leyfa götu- og torgsölu tímabundið



**REYKJAVÍK** Borgaryfirvöld hafa ákveðið að veita tímabundið leyfi til götu- og torgsölu í Reykjavík. Þau segja ekki rétt að nýr meirihluti hafi verið búinn að móta stefnu um þessi mál. Nýi meirihlutinn hyggst fara yfir reglurnar og móta stefnu til framtíðar. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu í lok september. Að sögn Einars Arnar Benediktssonar, formanns menningar- og ferðamálaráðs, verður reynt að finna varanlega staðsetningu fyrir götusölu sem hentar öllum.

### Ölvaður og með tvö sprungin dekk

**LAUGARVATN** Lögreglan í Árnessýslu stöðvaði ölvaðan ökumann austan við Laugarvatn á fimmtudagskvöld. Hann hafði ekið bílnum svo lengi með sprungið framdekk að bæði dekkið og felgan voru horfin. Einnig var sprungið á öðru afturdekki bílsins og því aðeins tvö virk dekk á bílnum. Maðurinn var á leið frá Reykjavík í Hvítá, að eigin sögn, og ætlaði að renna þar fyrir lax.



Lokað í verslunum Ormsson í dag laugardag

*Akið varlega um verslunarmannahelgina!*

ORMSSON

Lágmúla 8 · Síðumúla 9

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**GOTT UM LAND ALLT** Það má aldeilis segja að það viðri vel til útileguferða alls staðar á landinu alveg fram yfir mánudag. Þeir sem hafa ekki enn þá ákveðið hvert skal halda ættu að skella sér þangað sem hugurinn leitar helst og hafa litlar áhyggjur af veðrinu.




**Á MORGUN** Hæg vestlæg eða breytileg átt.

**MÁNUDAGUR** Hæg suðlæg eða breytileg átt.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 22° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 26° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 22° |
| París | 29° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*



NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

**0 kr. Nova í Nova:** 1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mánuði – 0 kr. í frelsi en 550 kr. mánaðargjald í áskrift, þá fylgir líka 150 MB netnotkun á mánuði.

## KJÖRKASSINN



*Ert þú ánægð/ur með upphaf aðildarviðræðna Íslands við ESB?*

| | |
|---|---|
| Já | 37,5% |
| Nei | 62,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú aðgang að hreinu vatni teljast til mannréttinda?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Eldar herja nú á stór svæði í Rússlandi eftir methita og þurrka undanfarið:

# Skógareldar orðið 25 að bana í Rússlandi

**RÚSSLAND, AP** Minnst 25 hafa látist í skógareldum í Rússlandi síðustu tvo daga.

Eldar hafa breiðst út yfir um 90 þúsund hektara svæði undanfarna daga, í kjölfar mikilla hita í landinu. Hitamet var slegið í síðustu viku og júlímánuður var heitasti mánuður í Moskvu frá því að hitamælingar hófust fyrir 130 árum. Miklir þurrkar eru á ökrum og í skógum og hefur uppskera eyðilagst að mestu.

Vladimir Pútín forsætisráðherra heimsótti svæðið í gær og fór meðal annars til eins þriggja smábæja sem brunnu til kaldra kola tæpum 500 kílómetrum austan við Moskvu. Pútín lofaði íbúum þar því að öll húsin í bænum, 341, yrðu endurbyggð fyrir veturinn. Þá lofaði hann hverjum bæjarbúa 200 þúsund rúblum, um 780 þúsund krónum, í skaðabætur.

Voronezh, borg sunnan við Moskvu er nánast umkringd af skógareldunum, og þurfti meðal annars að flytja sjúklinga af sjúkrahúsum í flýti í gær.

Pútín hvatti í gær Medvedev forseta til þess að senda herlið til að aðstoða við slökkva eldana. Þá sagði hann að allir opinberir starfsmenn sem eigi aðild að björgunarmálum verði rannsakaðir sérstaklega til að komast að því hvort einhverjir hafi brugðist í starfi. **- þeb**



NORDICPHOTOS/AFP

**Á FERÐ UM SVÆÐIÐ** Vladimir Pútín forsætisráðherra Rússlands ferðaðist um svæðin sem hafa orðið hvað verst úti í skógareldunum.


Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál



Hrein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar




**KOLKRABBINN** Octopus, eða Kolkrabbinn, er gríðarlegt mannvirki. Um borð eru meðal annars tveir kafbátar og er annar þeirra með svefnpláss fyrir átta manns í allt að tvær vikur.

FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

# Ætla að kafa niður að tveimur skipsflökum

**Áhöfnin á risasnekkjunni Octopus, sem liggur við Reykjavíkurhöfn, hyggst kafa niður á tvö skipsflök. Snekkjan er ein sú stærsta í heimi, 126 metrar á lengd.**

**UMHVERFISMÁL** Risasnekkjan Octopus, sem er í eigu auðjöfursins Pauls Allen, kom til landsins í gær og lá við akkeri í ytri höfninni í Reykjavík fram á kvöld. Þá stóð til að hún legðist við festar við Miðbakka. Ráðgert er að snekkjan verði hér í sex daga.

Mikil leynd ríkir yfir ferð snekkjunnar. Hún er ein sú stærsta í heimi, 126 metrar á lengd eða um 50 metrum lengri en Herjólfur. Snekkjan er meðal annars búin tveimur kafbátum.

Skipverjar á Octopus hyggjast kafa niður að tveimur skipsflökum; eftirlitsskipinu Hamilton og olíuskipinu Shirlon. Báðum skipunum var sökkt í seinni heimsstyrjöldinni. Þá munu skipverjar hafa kannað möguleikann á leyfi til köfunar í Þingvallavatni.

Um miðjan dag í gær hafði Fornleifavernd ríkisins ekki fengið upplýsingar um fyrirætlanir áhafnar Octopus. Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður stofnunarinnar, gagnrýndi það harkalega í samtali við Fréttablaðið, sagðist hafa verið í sambandi við áhöfnina en verið neitað um allar upplýsingar. Heimsókn snekkjunnar hafi verið komin inn á borð nokkurra stofnana og ráðuneyta fyrir löngu síðan, og nefndi í því sambandi utanríkisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og Umhverfisstofnun. Engin þessara stofnana hafði haft samband við hana fyrr en þegar líða fór á kvöldið.



**EIN STÆRSTA SNEKKJA VERALDAR** Kolkrabbinn er stór, 126 metrar að lengd og hefur 60 manna áhöfn.

„Það gleymdist að tala við okkur en við hefðum kosið að þeir hefðu gert það," segir Kristín Huld. Nú sé hins vegar búið að tryggja það að stjórnsýslan sé rétt og upplýsa áhöfnina um þau lög sem gilda um þjóðminjar.

„Ef skip eru eldri en hundrað ára eða friðlýst þarf leyfi frá okkur," segir Kristín Huld en slíku sé ekki til að dreifa með flökin af Hamilton og Shirlon. **- sh / kh**

## Þyrlur og kafbátar í einni stærstu snekkju veraldar

- Snekkjan Octopus er níunda stærsta snekkja veraldar, og sú þriðja stærsta sem ekki er í eigu þjóðhöfðingja eða ríkisstjórna.
- Hún er 126 metra löng, um 50 metrum lengri en Eyjaferjan Herjólfur.
- 60 manna áhöfn er á snekkjunni öllum stundum.
- Á þilfari snekkjunnar eru tveir þyrlupallar, að framan og að aftan, og tvær þyrlur.
- Á henni eru sjö smærri bátar sem notaðir eru í styttri ferðir og siglingar til og frá landi. Sá stærsti er þó heilir nítján metrar að lengd.
- Tveir kafbátar eru um borð í snekkjunni, annar fjarstýrður könnunarkafbátur og hinn tíu manna kafbátur með svefnrými fyrir átta í allt að tvær vikur.
- Snekkjan var smíðuð í Þýskalandi, eins og reyndar allar tólf stærstu snekkjur veraldar, og afhent árið 2003.



**PAUL ALLEN**

- Á efra þilfarinu er sundlaug, körfuboltavöllur á því neðra, og á hliðum skipsins eru opnanlegir hlerar í hæð við vatnsborðið sem notaðir eru sem kvíar fyrir sjósleða.
- Smíði snekkjunnar kostaði um 25 milljarða og þá kostar hálfan þriðja milljarð á ári að gera hana út.
- Eigandinn, Paul Allen, er einn af auðugustu mönnum veraldar, og vermdi 37. sæti á lista Forbes síðast.
- Allen stofnaði hugbúnaðarfyrirtækið Microsoft með Bill Gates á sínum tíma.
- Eignir hans eru metnar á um 13,5 milljarða Bandaríkjadala, sem svarar til ríflega 1.620 milljarða króna.
- Allen lætur sér ekki nægja eina snekkju, heldur á hann einnig snekkjuna Tatoosh, sem er sú 26. stærsta í heiminum, og aðra litlu minni sem kallast Méduse.


Orkuveita Reykjavíkur

Engidalur – Marardalur

Mánudaginn 2. ágúst verður farin gönguferð um Engidal og inn í Marardal í vestanverðum Henglinum. Rifjaðar verða upp sögur af útilegumönnum á þessu svæði. Gangan tekur fjórar til fimm klukkustundir. **Mæting í Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól klukkan 13:00.** Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Hans Benjamínsson, kynningarfulltrúi Hellisheiðarvirkjunar.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

Athugið að efni dagsins getur riðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar.

www.or.is

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Anatalya í Tyrklandi



16. okt. 10 nætur
26. okt. 9 nætur



## Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.



Allt innifalið!

## Paloma Grida Village & Spa ★★★★

Fallegt 4ra stjörnu hótel í gróðursælum garði við mjúka sandströnd í Belek.

26. okt. – 4. nóv. 9 nætur

**Verð frá 185.900 kr.*** og 15.000 Vildarpunktar

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting. ALLT INNIFALIÐ og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 195.900 kr.



Allt innifalið!

## Limak Lara ★★★★★

Glæsilegt 5 stjörnu hótel við Lara ströndina. Sundlaugargarðurinn er risastór, gróðursæll og gengið er úr garðinum beint út á mjúka sandströnd.

26. okt. - 4. nóv. 9 nætur

**Verð frá 214.000 kr.*** og 15.000 Vildarpunktar

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting. ALLT INNIFALIÐ og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 224.000 kr.



Allt innifalið!

## Miracle Resort ★★★★★

5 stjörnu hótel við Lara ströndina. Við hótelið er stór sundlaugargarður með gríðarmiklum vatnsrennibrautum.

26. okt. – 4. nóv. 9 nætur

**Verð frá 204.480 kr.*** og 15.000 Vildarpunktar

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting. ALLT INNIFALIÐ og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 214.480 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 50059 07/10

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir nýr umboðsmaður skuldara?*
2. *Hvað bannaði katalónska þingið nýverið?*
3. *Hvaða rétt segja slökkviliðsmenn á Akureyri brotinn á sér?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Neytendastofa brýnir fyrir foreldrum að gæta þess að barnaleikföngin séu örugg:

# Oftast innkölluð vegna eiturs

**ÖRYGGISMÁL** Hættuleg leikföng eru enn á markaði víðs vegar í Evrópu þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir og tilkynningar heilbrigðisyfirvalda. Neytendastofa sendi frá sér tilkynningu á heimasíðu sinni í gær þar sem varað er við barnaleikföngum sem hafa verið innkölluð í Evrópu. Ekki er vitað til þess að vörurnar séu á markaði hér á landi.

Algengasta ástæðan fyrir innköllun er sú að leikföngin innihalda á einn eða annan hátt eiturefni sem eru hættuleg heilsu barna.

„Þetta er hluti af markaðseftirliti Evrópu og er í gangi allt árið um kring," segir Sesselja Th. Ólafsdóttir hjá Neytendastofu. „Tilkynningarnar eru mun fleiri heldur en við segjum frá hér á landi."

Sesselja segir að tilkynnt hafi verið um hættuleg leikföng hér á landi . „Við höfum tekið vissar tegundir af perlum af markaði og einnig leikföngum með áföstum seglum,"

segir hún. Hún segir brýnt að fólk hér á landi sé vakandi fyrir því að barnaleikföngin séu örugg, hvort sem þau eru keypt hér á landi eða erlendis. Ef grunur leikur á að varan sé á einn eða annan hátt skaðleg börnum skal tilkynna það Neytendastofu. **- sv**



**HÆTTULEGUR BÍLL** Þessi bíll úr myndinni Cars frá leikfangafyrirtækinu Mattel innihélt hættulegt magn af blýi og var innkallaður.

Íslenskir hjálparstarfsmenn:

# Hjálpa til á skjálftasvæðinu

**HAÍTÍ** Tveir heilbrigðismenntaðir starfsmenn á vegum Rauða krossins halda til Haítí á mánudaginn.

Þau Erla Svava Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur og Jón Magnús Kristinsson bráðalæknir munu starfa næstu vikur á sjúkrahúsi finnska og þýska Rauða krossins í Carrefour, úthverfi Port-au-Prince. Þau eru 26. og 27. í röðinni af sendifulltrúum Rauða kross Íslands sem haldið hafa til starfa á Haítí síðan jarðskjálftinn mikli reið þar yfir fyrir rúmu hálfu ári. **- jhh**


PIPAR\TBWA · SÍA · 101893







**PENINGAR** Hagfræðingur við Háskóla Íslands telur það vond tíðindi að horfur ríkissjóðs séu orðnar neikvæðar hjá Moody's. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hagfræðiprófessor um lánshorfur ríkisins:

# Skiptir miklu máli að vekja upp traust

**EFNAHAGSMÁL** Matsfyrirtækið Moody's hefur breytt horfum um lánshæfismat ríkissjóðs úr stöðuguðum í neikvæðar.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu kemur fram að helsta ástæða þessarar aðgerðar sé sú óvissa sem dómur um gengistryggð lán hefur valdið og það að enn hafi ekki náðst niðurstaða í Icesave-deilunni. Lánshæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir langtímaskuldbindingar er nú einu þrepi fyrir ofan ruslflokk. Þessi aðgerð Moody's hefur það í för með sér að áhættan á því að lánshæfismatið fari niður í ruslflokk er meiri en áður en lánshæfismat ríkissjóðs er þegar í ruslflokki hjá matsfyrirtækinu Fitch.



GYLFI ZOËGA

Lækki Moody's lánshæfiseinkunina líka í ruslflokk væru það afar slæm tíðindi, segir í Morgunkorni Íslandsbanka frá því í gær.

Slíkt myndi seinka fyrir því að ríkissjóður gæti sótt sér fé á erlenda markaði og grafa undan tiltrú á Íslandi.

Gylfi Zoëga, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands, telur þetta vond tíðindi. Hann segir þetta gera Íslendingum erfiðara fyrir að sækja peninga á erlenda fjármagnsmarkaði og þýða að tiltrú á Íslandi sé minni en áður.

„Ísland er eins og fyrirtæki eða fjölskylda sem er búin að missa lánstraust. Þá skiptir mjög miklu máli að vekja upp traust annars staðar. Sá hringlandaháttur sem hefur verið í stjórnkerfinu undanfarið er ekki til þess fallinn," segir Gylfi. Hann bætir því svo við að allar hagstærðir séu að fara í rétta átt og í raun líti hlutirnir vel út en stóra vandamálið núna sé þessi órói innanlands. **- mpl**


**Costa del Sol**

**Síðustu sætin í ágúst, 10 og 11 nátta.**

**Frá kr. 59.900**



**Ótrúleg kjör!**

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum í spennandi sumarleyfisferðir til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol. Fjölbreytt gisting í boði á ótrúlegum kjörum.

*Ath. mjög takmarkaður fjöldi íbúða og herbergja í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.*

**Kr. 59.900**
Flugsæti. Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, 17.-28. ágúst eða 28. ágúst - 7. september

**Kr. 114.900** - Balmoral **+ með fullu fæði
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi í 11 nætur með fullu fæði. Verð m.v. 2 í herbergi kr. 146.080.- á mann með fullu fæði. **Sértilboð 17. ágúst.**

**Kr. 114.900**
- Hotel Griego Mar *** með „öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með "öllu inniföldu" í 10 nætur. Verð m.v. 2 í herbergi kr. 139.900. **Sértilboð 28. ágúst**

**Kr. 129.900**
- Hotel Palmasol *** með „öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með "öllu inniföldu" í 11 nætur. Verð m.v. 2 í herbergi kr. 159.980. **Sértilboð 17. ágúst.**

**Kr. 126.900** - Aguamarina apartments ***
með fullu fæði og drykkjum með mat. Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með fullu fæði og drykkjum með mat í 11 nætur. Verð m.v. 2 í studio kr. 159.980 með fullu fæði og drykkjum með mat.. **Sértilboð 17. ágúst og 28. ágúst**

**Heimsferðir**
**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**
Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



**BRÚÐUHEIMAR**
Opið í Borgarnesi alla daga frá 10:00 til 22:00



LEIKSÝNING
á sunnudaginn kl 14:00

Leikbrúðusafn - Brúðuleikhús
Veitingar - Gjafavara
www.bruduheimar.is
Sími 530 5000

BRÚÐUHEIMAR Center for Puppetry Arts


Verðskrá Stöðvar tvö:

# Breytingar með haustinu

**SJÓNVARP** Breytt verðskrá tekur gildi fyrir Stöð 2, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 þann 3. september.

Grunnverð áskriftar að Stöð 2 hækkar um 245 krónur eða 3,5 prósent. Þá hækkar grunnverð áskriftar að Stöð 2 sport og Stöð 2 sport 2 um sömu prósentu eða 205 krónur. Áskriftarverð á Stöð 2 Fjölvarpi helst hins vegar óbreytt.

Vildaráskrifendur Stöðvar 2 njóta áfram afsláttarkjara, allt að 30 prósent afsláttar af áskriftarverði, auk annara fríðinda.

Ástæður verðhækkana má meðal annars rekja til almennra verðhækkana. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 5 prósent frá júlí 2009 þegar breytingar voru síðast gerðar á áskriftarverði Stöðvar 2 og 7,5 prósent frá síðustu breytingu á verði sportstöðva Stöðvar 2.

# Dorma býður betur



DORMAVERÐ
ÓTRÚLEGT VERÐ

OPIÐ Í DAG
LAUGARDAG, TIL KL. 16



69.900,-
Frábær svefnsófi



69.900,-
Hægindastóll í taui



20% afsláttur
Stillanlegt heilsurúm



2.900,-
Sængurverasett




20% afsláttur
Serta heilsurúm



149.000,-
Interbed 160x200



YANKEE CANDLE®
*a passion for fragrance®*
Yfir 40 ilmtegundir



499,-
Handklæði 50x100 cm



14.900,-
Dúnsæng

DORMA
– býður góða nótt

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-16

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað þýðir að hátíðahöld gangi vel?

## Uppá palli, inní tjaldi ...

Verslunarmannahelgin er nú gengin í garð með þeim ferðalögum og skemmtanahaldi sem þessari helgi heyra til, helginni þegar þorri þjóðarinnar á sameiginlegt þriggja daga frí sem er kærkomið þegar farið er að síga á seinni hluta sumars.

Veðurhorfur eru góðar um allt land í ár. Útlit er því fyrir að bæði ferðafólk og þeir sem heima sitja muni geta átt góða daga fram á mánudag.

Tvennt er það sem alltaf vekur nokkurn kvíða þegar þessi ferða- og skemmtihelgi nálgast. Annars vegar gangur mála í umferðinni og hins vegar áfengis- og vímuefnaneysla á hátíðum og óskemmtilegir og stundum óhugnanlegir fylgifiskar hennar.

Sjaldan eru fleiri á ferðinni á vegum landsins en um verslunarmannahelgi. Bílstjórar þurfa því að sýna ýtrustu varkárni og þolinmæði. Lögreglan hefur mikinn viðbúnað og er með stóraukið eftirlit á vegum. Reynslan hefur sýnt að þessi viðbúnaður skilar sér í greiðari og farsælli umferð. Svo verður vonandi að þessu sinni.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Þar sem fjöldi manna kemur saman eins og gerist víða núna um helgina geta auðveldlega orðið óhöpp og núningur komið upp. Þegar við bætist að margir eru undir áhrifum sýnir reynslan að það er eins og olía á eld. Því miður koma alltaf upp ofbeldismál í tengslum við hátíðir um verslunarmannahelgar sem þó eiga að vera, og eru þegar allt gengur vel, skemmtun.

Á sama hátt og lögreglan hefur aukinn viðbúnað í umferðinni er styrkur hennar aukinn þar sem hátíðir standa. Ljóst er þó að það dugar ekki til. Þeir sem standa fyrir hátíðum þurfa einnig að gæta þess að sinna gæslu. Öryggisgæsla verður að vera veruleg þar sem saman eru komnar þúsundir við þær í raun furðulegu aðstæður að áfengisneysla er viðurkennt athæfi allan sólarhringinn.

Ofbeldi og nauðganir hafa því miður verið hvimleiður fylgifiskur hátíðahalda um verslunarmannahelgi og er þá undantekningarlítið tengt áfengisneyslu. Það er leitt að svo virðist sem erfitt sé að halda slíkar hátíðir án þess að beitt sé ofbeldi.

Þegar er orðið ljóst að helgin verður ekki líkamsárásalaus því strax í gærkvöld komu fréttir af líkamsárásum í Vestmannaeyjum. Furðulegt verður þó að telja að lögreglan kvað hátíðahöld hafa gengið vel.

Það kann að vera að einhverjum finnist nokkrar „léttar“ líkamsárásir ásættanlegar og að hátíðahöld geti talist ganga vel ef enginn hlýtur óbætanlegan skaða af völdum ofbeldis, líkamlegs eða kynferðislegs. En getur ein líkamsárás, létt eða þung, verið ásættanleg? Að ekki sé talað um nauðgun!

Svarið er vitanlega, nei. Það á aldrei að fallast á ofbeldi sem nauðsynlegan fórnarkostnað við samkomuhald eins og um verslunarmannahelgi. Vonandi rís sá dagur að hægt verði að ná samkomulagi um það.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Þjóðnýting

Í umræðum um kaup Magma á HS orku er jafnan gengið út frá því að auðlindir landsins séu þjóðareign. Flestir skilja það á þann veg að auðlindirnar séu og eigi að vera í eigu ríkisins eða sveitarfélaga. Málið er aðeins flóknara.

Fiskimiðin eru almenningur þar sem ríkisvaldið setur þær leikreglur um nýtingu sem það telur skynsamlegar. Útvegsmenn fá síðan ákveðinn nýtingarrétt sem felur í sér takmörkuð eignarréttindi. Ákveða má með lögum að gjald komi fyrir þann rétt.

Auðlindir á landi lúta á hinn bóginn alfarið leikreglum einkaeignarréttar. Stærstur hluti nýtanlegrar orku í vatnsföllum og jarðhita er í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Hluti þessara auðlinda er í einkaeigu, mest bænda. Auðlindagjald er ákveðið í samningum en ekki lögum.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Útlendingar geta ekki átt meirihluta í fyrirtækjum sem eiga veiðirétt í sjó. Þeir geta hins vegar keypt jarðir sem geyma vatnsréttindi og jarðhita. Lögum samkvæmt er ríki og sveitarfélögum þó óheimilt að selja slíkar auðlindir til einstaklinga. Þessi takmörkun tekur til stærsta hluta nýtanlegra réttinda.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að vinda ofan af kaupum Magma á HS orku. Sá kaupskapur var við erlenda kröfuhafa Íslandsbanka. Að vinda ofan af verður því ekki skilið á annan veg en þann að um þjóðnýtingu sé að tefla. Ella eru þessi orð marklaus. Vel má vera að svo sé.

Rökin eru þau að koma auðlindum undir opinber yfirráð. Verkurinn er sá að HS orka á ekki orkulindir. Þær eru í eigu sveitarfélaga á Suðurnesjum. HS orka greiðir útsvarsgreiðendum þar auðlindagjald fyrir afnotin. Það gjald mælir opinbera arðsemi þeirra.

Hverju á að ná fram með því að vinda ofan af samningnum? Umræðan vellur áfram án þess að nokkur sýni þeirri hlið málsins áhuga.

## Efni málsins

Fyrst þarf að svara þeirri spurningu hvað þjóðnýting kostar. Svarið er einfalt: Ríkissjóður þarf að ganga inn í samninginn og greiða kaupverðið. Þeir fjármunir eru ekki til. Þá þarf að taka að láni.

Skattgreiðendur þurfa að greiða útlendingum háa vexti af þeirri lántöku. Útlendingar geta grætt meir á lánveitingum til orkuframleiðslu en fjárfestingum.

Vegna mikils halla á rekstri ríkissjóðs getur hann ekki aukið umsvif sín. Til þess að ráðast í þessa fjárfestingu þarf hann því að skera niður fjárfestingu í velferðarkerfinu á móti. Satt best að segja er það óskynsamleg forgangsröðun.

Slíkur fórnarkostnaður breytir engu um opinber yfirráð yfir auðlindinni. Eini möguleikinn til breytinga er að hafa áhrif á auðlindagjaldið. Ríkissjóður gæti sem nýr eigandi boðist til þess að hækka auðlindagjaldið til útsvarsgreiðenda á Suðurnesjum. Það kæmi sér vel fyrir Suðurnesjamenn. En hvaða hag hafa tekjuskattsgreiðendur af því ef þeir borga brúsann?

Á sama hátt gæti ríkissjóður krafist þess að auðlindagjaldið yrði lækkað til að létta byrði tekjuskattsgreiðenda. Er það markmiðið?

Réttilega má deila um tímalengd nýtingarréttar. Stytting hans gæti þó leitt til lækkunar á auðlindagjaldinu. Hvaða skynsemi er í því að lækka auðlindagjaldið sem útsvarsgreiðendur á Suðurnesjum njóta nú?

Ef ekki á að breyta auðlindagjaldinu, sem mælir opinbera arðsemi, hver er þá tilgangurinn með því að vinda ofan af kaupunum? Frá sjónarmiði almannahagsmuna er markmiðið enn óútskýrt.

## Ódýrari lausn

Að þessu virtu sýnast deilurnar alls ekki snúast um auðlindayfirráð. Þær virðast í raun réttri endurspegla andstöðu við erlenda fjárfestingu og átök um völd.

Opinber eignarréttur á orkulindum hefur ekki verið VG heilagur. Sveitarfélagið Árborg átti lítinn hlut í Hitaveitu Suðurnesja. VG stóð að því að selja þann hlut til einkafyrirtækis.

Á þessum tíma töldu ríkið og nokkur sveitarfélög betra að binda peninga skattborgaranna í félagslegum verkefnum en orkuframleiðslu til stóriðju. Gallinn var sá að þá voru menn einnig að selja hlut í orkulindinni. Nú snýst málið bara um framleiðsluhlutann.

Vatnsréttindi vegna virkjana í neðri hluta Þjórsár eru að hluta í eigu einstaklinga. Engir hafa gengið fram af meiri vaskleik til að verja þann einkaeignarrétt á auðlindum en einmitt þingmenn VG. Þegar einkaeignarrétturinn stendur í vegi fyrir virkjunum og erlendri fjárfestingu ver flokkurinn einkaeignarréttinn á þessu sviði af meira kappi en aðrir.

Þessi mótsagnakenndi málflutningur bendir til þess að vinstri armur VG kyndi undir þessari umræðu í átökum um völdin í flokknum. Talsmenn Heimssýnar telja aftur móti að nái vinstri armurinn undirtökum í VG styrki þeir sjálfir stöðu sína í Evrópuandstöðunni. Þegar svo stendur á víkja málefnaleg rök.

Um leið og Ögmundur Jónasson verður gerður að ráðherra á ný mun draga úr upphlaupum af þessu tagi. Það gæti verið ódýrari lausn fyrir þjóðina. Hví að bíða með hana?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
MIKIÐ fyrir LÍTIÐ
Coca Cola
69,-
PRINCE POLO XXL
89 pr. stk
PRINS POLO XXL
FAXE KONDI
89 pr. stk
FAXE - 33 CL
• Appelsínu
• Sítrónu
• Faxe Kondi, orkudrykkur
350 gr
MAARUD
Salt & pepper
CLASSIC SALT
Paprika
499 pr. pk
MAARUD SNAKK - 350 GR
500 gr
299 pr. stk
FORMKÖKUR - 500 GR
• Tvær tegundir
19.990
GARÐSETT
• Fjórir stólar + borð. Sessur fylgja ekki
50% AFSLÁTTUR
Á NAMMIBAR UM HELGINA
35.990
FERÐAGASGRILL
• Til í svörtu og appelsínugulu
990 pr. stk
SÓLGLERAUGU
VERÐ ÁÐUR: KR 2999
VERÐ NÚ: KR 1499
-50%
AF ÖLLUM SESSUM FYRIR GARÐSTÓLA
1999
SVEFNPOKI
• -5 til +15 gráður
2290
SVEFNPOKI
2790
SVEFNPOKI
• Lítill og léttur, einungis 800 gr
6990
SVEFNPOKI
• Fyrir allt að -15°C
www.europris.is
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

# Sköpun jarðar og ferðin til Mars

**Ómar Ragnarsson** vinnur um þessar mundir að gerð heimildarmyndar um jarðhitasvæðið við Leirhnjúk og Gjástykki. Kvikmyndagerðin hafði steypt Ómari í skuldir en söfnun meðal almennings hefur nú gert hann skuldlausan. *Magnús Þorlákur Lúðvíksson* ræddi við Ómar sem er síður en svo aðgerðarlaus þrátt fyrir að verða sjötugur í september.

Ómar Ragnarsson tók um síðustu helgi við tæpum þrettán milljónum króna sem söfnuðust meðal almennings í átaki sem hafði það að markmiði að gera hann skuldlausan. Það tókst og gott betur. Ómar hefur undanfarin misseri unnið að gerð heimildarmyndar um jarðhitasvæðið við Leirhnjúk og Gjástykki þar sem eldsumbrotin sem nefnd hafa verið Kröflueldar voru á árunum 1975 til 1984. Heimildarmyndin mun bera nafnið Sköpun jarðar og ferðin til Mars og gaf Ómar Fréttablaðinu forskot á sæluna.

### Einstakur staður

„Þegar þú gengur upp á Hreindýrahól núna þá sérðu umbrotasvæðið frá 1975 til 1984 ósnortið. Eftir að búið er að virkja þarna eins og nú stendur til þá er útsýnið ónýtt. Þess vegna vil ég draga víglínuna aðeins til vinstri miðað við núverandi svæði,“ segir Ómar um svæðið sem hann ætlar að fjalla um. „Upphaflega átti myndin að vera 25 mínútur en hún hefur vaxið upp í það að vera bíómynd í fullri lengd. Það er ekki hægt að gera þetta öðruvísi,“ segir Ómar.

Ómar segir að myndin muni bera nafnið Sköpun jarðar og ferðin til Mars og vonast til þess að geta frumsýnt hana í febrúar á næsta ári. Svæðið sé það eina í heiminum þar sem hægt er að komast nálægt því að upplifa þessa tvo hluti. Ómar útskýrir að í Kröflueldum hafi náðst einstæðar myndir af því þegar meginlandsflekar Ameríku og Evrópu gliðnuðu í sundur og upp komu jarðeldar í gjám á flekaskilunum. Um þessar gjár sé nú hægt að ganga og þá séu álfurnar á sitt hvora hönd. „Ekki nóg með það, heldur stendurðu þá á nýju hrauni, nýju Íslandi og upplifir þannig sköpun Íslands og jarðarinnar,“ segir Ómar og bætir svo við að í Gjástykki hafi Alþjóðasamtök um ferðir til Mars valið sér æfingasvæði fyrir Marsfara líkt og Askja var valin sem svæði fyrir tunglfara árið 1967.

### Mat Íslendinga á verðmætum einkennilegt

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra lýsti því yfir í vor að undirbúningur væri hafinn að friðun Gjástykkis. Ómar segist ekki hafa trú á því að svæðið verði látið í friði. „Svandís er bara einn ráðherra af tólf. Loforð eru ekki mikils virði í dag. Skömmu fyrir kosningarnar 2007 kynntu Jónína Bjartmarz og Jón Sigurðsson, þáverandi umhverfis- og iðnaðarráðherra, kort yfir staði sem ekki mátti snerta við nema eftir ítarlegar rannsóknir og sérstaka atkvæðagreiðslu á Alþingi. Tveimur dögum fyrir kosningar gaf Jón Sigurðsson svo út leyfi til Landsvirkjunar um að fara inn á svæðið við Gjástykki og Leirhnjúk sem var inni á þessu korti,“ segir Ómar og er augljóslega mikið niðri fyrir. „Það er alltaf talað fagurlega um að friða hitt og þetta en það er bara ekki gert. Mat okkar Íslendinga á verðmætum er ákaflega mikið öðruvísi en annarra þjóða í krafti reynslu þeirra á þessu sviði.“



**ÓMAR RAGNARSSON** Sjónvarpsstjarnan, skemmtikrafturinn, náttúruverndarsinninn en umfram allt Íslendingurinn Ómar Ragnarsson fékk rausnarlega gjöf frá landsmönnum nýverið þegar tæpar þrettán milljónir króna söfnuðust handa honum í stuttu söfnunarátaki. Ómar vinnur um þessar mundir baki brotnu að átta heimildarmyndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ómar hefur margt við það að athuga hvernig staðið er að virkjunarframkvæmdum á Íslandi. „Mér finnst til dæmis undarlegt hvernig alltaf er talað um þessar framkvæmdir. Fólk heldur að það sé verið að stækka Kröfluvirkjun og þannig er alltaf talað um þær. Í raun og veru er hins vegar verið að fara inn á Leirhnjúk. Kröflusvæðið er teygt eftir hentisemi af virkjunaraðilum til að afvegaleiða umræðuna,“ segir Ómar. Hann bætir því svo við að búið sé að loka svæðinu með keðju þannig að almenningur geti ekki ferðast um það. Þess vegna þekki ekki nokkur maður svæðið og þar með sé greið leið fyrir virkjunaraðila að gera hvað sem er þarna.

„Núna á að fara í tilraunaboranir þarna en það er auðvitað bara byrjunin á virkjunarframkvæmdum. Landsvirkjun hendir ekki 400 milljónum króna í boranir nema til þess að geta sagt eftir á að búið sé að eyða 400 milljónum í verkefnið og því sé ekki hægt að snúa við,“ segir Ómar. „Sagt var á sínum tíma að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af því að ímynd svæðisins yrði skemmd þar sem farið yrði í skáborun. Það hefur hins vegar ekki staðist heldur bora þeir alveg við tjörnina hjá Víti og þarna eru núna fjórar eða fimm borholur sem síðan á eftir að leggja leiðslur úr.“

Að síðustu segir Ómar sér þyki mjög undarlegt hvernig staðið sé að mati á umhverfisáhrifum í framkvæmdum á borð við þessar. „Þarna er það metið sem svo að vegna þess að hraunið sé svo nýrunnið þá sé það lítils virði. Það finnst mér mjög skrítið.“

### Söfnunin Ómari mikilsverð

Ómari voru afhentar tæpar þrettán milljónir króna síðasta laugardag en þar var um að ræða afrakstur söfnunar sem Friðrik Weisshappel setti af stað með það að markmiði að gera Ómar skuldlausan. Ómar skuldaði fyrir söfnunina um fimm milljónir og hann segir að mikill tími og orka hafi farið í að greiða úr skuldunum. Ómar segir söfnunina skipta hann miklu máli.

„Þetta er sérkennilegt. Ég átti aldrei von á því að neitt þessu líkt gæti gerst. Ég hefði aldrei getað látið mér detta í hug að einhver sem ég þekki ekki neitt gæti komið þessu af stað. Þetta var ekki gert að mér forspurðum heldur var bara skyndilega farið af stað og fyrr en varði hafði nóg safnast til að greiða niður skuldirnar og gott betur,“ segir Ómar. Spurður hvernig honum líði við að fá slíka viðurkenningu á störfum sínum frá almenningi segir Ómar: „Þetta er allavega viðurkenning á því að maður hafi ekki verið að gera tóma vitleysu öll þessi ár. Þessi söfnun er mér mjög mikilsverð og ég er þakklátur fyrir að geta haldið áfram með verkefnin.“

### Átta heimildarmyndir í gerð

Ómar Ragnarsson segir peningana hafa þá þýðingu fyrir sig að í stað þess að gríðarleg orka fari í að sinna skuldunum þá geti hann nú farið að vinna aftur að fullum krafti við þær átta heimildarmyndir sem hann hefur í bígerð. „Þessar heimildarmyndir urðu nánast allar þannig til að það átti að fara að virkja einhvers staðar og ég þurfti að hafa hraðar hendur,“ segir Ómar.



**TILRAUNABORANIR VIÐ VÍTI** Mynd sem Ómar tók af tilraunaborunum sem verið er að gera við Víti við Gjástykki og Leirhnjúk. Ómar óttast að farið verði illa með þetta merka svæði.



**SAUÐÁRFLUGVÖLLUR** Ómar Ragnarsson hefur byggt heilan flugvöll fyrir eina af kvikmyndum sínum. Sauðárflugvöllur er að sögn Ómars þriðji stærsti flugvöllur landsins.

„Árið 2004 átti að virkja í Torfajökli og þá byrjaði ég á mikilli vinnu, ferðalögum og peningaeyðslu í að gera heimildarmynd um svæðið áður en það hyrfi. Síðan var framkvæmdunum frestað en þá kom Kárahnjúkavirkjun upp. Þá fór maður að fylgjast með því svæði því ég vil kynna þjóðina fyrir svæðinu sem fór undir vatn og leir,“ segir Ómar og bætir við að síðan hafi hvert málið komið upp á fætur öðru. „Það stendur enn til að reisa olíuhreinsistöð á Vestfjörðum. Ekkert annað Evrópuríki hefur áhuga á að gera slíkt. Svo er það Gjástykki en þar er þegar búið að valda röskun við Leirhnjúk.“

### Búinn að byggja flugvöll fyrir eina myndina

Það er þó ekki þannig að öll verkefni Ómars fjalli um virkjunarframkvæmdir. Hefur hann einnig unnið að heimildarmynd sem velta á upp þeirri spurningu hvað hefði gerst ef Þjóðverjar hefðu í seinni heimsstyrjöldinni fengið veður af svæði norðan við Brúarjökul sem var og er fullkomlega nothæft sem flugvöllur.

„Ég hélt að þessi mynd yrði kannski auðseljanlegust. Svo kemur í ljós að hún verður svo dýr að ég klára hana varla. Ég ætla samt sem áður að reyna það. Ég er kominn svo langt með hana að ég get ekki hætt núna. Ég er meira að segja búinn að reisa flugvöll fyrir myndina,“ segir Ómar.

Heimildarmyndin mun bera nafnið Brúarjökull og innrásirnar í Ísland og Ómar segir að helst þyrfti nokkur hundruð milljónir til að klára hana. „Myndin snýst um flugvallarstæði sem var uppgötvað af Agnari Koefoed Hansen og Bergi Gíslasyni árið 1939. Ég hef reist þar flugvöll sem hefur fengið starfsleyfi og er svipaður að stærð og Reykjavíkurflugvöllur,“ segir Ómar. „Í myndinni velti ég því fyrir mér hvað hefði gerst ef Þjóðverjar hefðu fengið upplýsingar um svæðið en mér þykir líklegt að þeir hefðu nýtt sér þær.“

### Kvikmyndabransinn erfiður

Ómar stefnir að því að frumsýna Sköpun jarðar og ferðina til Mars í febrúar. Hann segir framhald hinna myndanna svo ráðast af því hvernig þessari mynd svo gengur.

„Ef þetta verður eins með þessa mynd og myndirnar Á meðan land byggir sem fékk Edduverðlaun og In memorian sem fékk verðlaun á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum en sköpuðu aldrei neina peninga þá er ekki víst hvernig fer fyrir hinum myndunum. Það lifir enginn á Edduverðlaunum,“ segir Ómar. Hann bætir því svo við að hann ýki kannski þegar hann segir að engir peningar hafi komið inn. „Það komu einhverjir peningar seint og síðar meir sem ollu því að ég gat hafist handa við myndina um Örkina og Kárahnjúkavirkjun,“ segir Ómar.

Hann telur að sú mynd ætti að öllu eðlilegu að kosta 60 til 70 milljónir og segist ekki sjá fram á að hún verði sýnd fyrr en að honum látnum. „Ég er svo sem ekki að flýta mér með hana heldur. Landið er núna farið undir vatn og það er kannski best að núverandi kynslóð horfi ekki upp á það sem hún hefur gert.“

## Átta heimildarmyndir í burðarliðnum

- **Sköpun jarðar og ferðin til Mars** Mynd sem ætlað er að fjalla um mismunandi möguleika á nýtingu svæðisins sem kennt er við Leirhnjúk og Gjástykki norður af Kröflu.
- **Örkin** Myndin dregur nafn af samnefndum báti sem Ómar notaði til siglinga á lónum Kárahnjúkavirkjunar jafnóðum og þau mynduðust. Í henni mun þjóðin í fyrsta sinn kynnast að einhverju marki því svæði sem fór undir vatn og leir og öðrum afleiðingum framkvæmdanna.
- **Brúarjökull og innrásirnar í Ísland** Heimildarmynd með leiknum atriðum sem á, í gegnum söguna af þýsku jarðvísindakonunni Emmy Todmann, að fjalla um þá breytingu sem orðið hefði á gengi heimsstyrjaldarinnar síðari og heimssögunni ef Þjóðverjar hefðu vitað af og nýtt sér nothæft lendingarsvæði fyrir flugvélar fyrir norðan Brúarjökul til að ná landinu af Bretum haustið 1940.
- **Karlmannatíska í stáli** Mynd um langdýrasta tískufyrirbrigði síðustu 80 ára, bílatískuna.
- **One of the Wonders of the World** Stutt heimildarmynd á ensku og íslensku um orku- og virkjanastefnu Íslendinga og áhrif hennar á náttúru landsins.
- **Katla og Grímsvötn kallast á** Mynd um svæðið á milli Vatnajökuls og suðurjökla, Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls, og mismunandi möguleika á nýtingu þess.
- **Olíuhreinsistöðvar – þjóðráð eða óráð?** Mynd um hugmyndir og undirbúning að byggingu olíuhreinsistöðva á Íslandi, einkum þá stöð sem til stendur að reisa í Hvestudal í Arnarfirði.
- **Reykjavíkurljóð** Kynningarmyndband um Reykjavík sem gert var á árunum 2006-2009 að beiðni borgarstjóra Reykjavíkur árið 2006.



ILVA
einfaldlega betri kostur
30-80%
AFSLÁTTUR
YFIR 2000 VÖRUNÚMER Á LÆKKUÐU VERÐI
RÝMINGAR-
SALA
RÝMUM FYRIR
HAUSTLÍNUNNI
VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða
ILVA
sendum um allt land
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30
© ILVA Ísland 2010

# KRÓNAN

# GRILLKJÖT FYRIR ÞIG OG ÞÍNA



50% afsláttur

**999 kr. kg**

Verð áður 1998 kr.
Grísakótilettur, lúxus, beinlausar, erlendar



50% afsláttur

**1299 kr. kg**

Verð áður 2598 kr.
Grísalundir, erlendar



50% afsláttur

**749 kr. kg**

Verð áður 1498 kr.
Grísakótilettur, magnpakkning



**1258 kr. kg**

Lambalæri, hvítlauks/rósmarín og New York marinerað



20% afsláttur

**2998 kr. kg**

Verð áður 3748 kr.
Lamba Rib-Eye



**1298 kr. kg**

Grísaspjót, hvítlauks/rósmarín og New York marinerað



**1598 kr. kg**

Krónu kjúklingabringur



15% afsláttur

**2459 kr. kg**

Verð áður 2895 kr.
Holta kjúklingalundir á spjóti, ítalskar og indverskar

GOTT VERÐ



**598 kr. pk.**

Grillborgarar,
4 borgarar og 4 brauð




**198 kr. stk.**

Ísl. matvæli, brauðsalöt, 6 tegundir

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

**Opnunartímar í Krónunni um verslunarmannahelgina • www.kronan.is**

| Krónan Akranesi | Krónan Árbæ | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut |
|---|---|---|---|---|
| lau. og sun. 10-19 | lau. og sun. 10-21 | lau. 11-21 sun.12-21 | lau. og sun. 10-19 | lau. og sun. 11-21 |
| Lokað mán. 2. ág. | Lokað mán. 2. ág. | Lokað mán. 2. ág. | Lokað mán. 2. ág. | Lokað mán. 2. ág. |

EXPO – www.expo.is




| Krónan Höfða | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reyðarfirði | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum |
|---|---|---|---|---|---|---|
| lau. 10-19 sun. 11-19 | lau. og sun. 10-20 | lau. og sun. 10-20 | lau. 11-17 sun.12-16 | lau. og sun. 10-21 | lau. og sun. 10-19 | lau. og sun. 11-18 |
| Lokað mán. 2. ág. | Opið mánud. 2. ág. 10-19 | Opið mánud. 2. ág. 10-19 | Lokað mán. 2. ág. | Opið mánud. 2. ág. 10-19 | Opið mánud. 2. ág. 10-19 | Opið mánud. 2. ág. 10-19 |

# Ísland eins og það átti að verða

Sjórinn fullur af þorski, nægt fjármagn í framkvæmdir, arðbær uppbygging stóriðju. Slíka framtíð má finna í skýrslu framtíðarnefndar forsætisráðuneytisins frá 1986. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* kynnti sér hvernig spekingar þá sáu fyrir sér ástandið árið 2010.

Enginn er spámaður í sínu föðurlandi segir orðatiltækið og má það til sanns vegar færa. Raunar getur verið erfitt að spá fyrir um framtíðina algerlega óháð föðurlandinu, hvort sem um nærhald eða nærumhverfi er að ræða.

Engu að síður er það svo að í þjóðfélaginu er notast við spár í miklum mæli. Hagspár, fiskispár, mannfjöldaspár, þjóðhagsspár; spárnar eru undirstaða ákvarðana um ótal margt í samfélaginu. Að ekki sé talað um spár glanstímarita um áramót og hina daglegu stjörnuspá.

Það þarf ekki að vera flókið að spá fyrir um fjarlæga framtíð, af þeirri einföldu ástæðu að maður verður ekki látinn standa fyrir sínu þegar sú framtíð rennur upp; verður löngu dauður. Enginn pikkar í Nostradamus í dag og þýfgar hann um hvort spár hans hafi ræst. Mun flóknara er að spá fyrir um nánustu framtíð, því þá eru líkurnar umtalsverðar að þú verðir að svara fyrir spána.




**LAUGAVEGURINN 1986** Margt hefur breyst á þeim aldarfjórðungi sem liðinn er síðan skýrslan kom út. Skýrsluhöfundar verða þó ekki sakaðir um að hafa látið ímyndunaraflið hlaupa með sig í gönur. Þó hag-, framleiðslu- og aflatölur hafi ekki verið kórréttar er ekkert í skýrslunni að finna um fljúgandi bíla og máltíðir í töfluformi.

**Framtíðin könnuð**

Um áramótin 1983 til 1984 samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu Steingríms Hermannsonar forsætisráðherra, að gera víðtæka „könnun á framtíðarhorfum á Íslandi næsta aldarfjórðung til þess að vekja umræður um langtímasjónarmið í þjóðmálum og auðvelda fólki, fyrirtækjum og stjórnvöldum að móta stefnu til langs tíma“ líkt og segir í formála skýrslunnar, sem Jón Sigurðsson, formaður nefndarinnar, ritaði.

Verkefni nefndarinnar var að kortleggja árið 2010 með sem nákvæmustum hætti. Alls voru skipaðir 16 starfshópar sem rýndu í allt milli himins og jarðar, allt frá samskiptum við umheim og menntun og skólakerfi til tæknibreytinga, orkulinda og auðlinda sjávar.

Nefndin gaf út skýrslu árið 1986 í sex bindum. Fréttablaðið gluggaði í hluta skýrslunnar og velti því fyrir sér hve getspakir sérfræðingar voru fyrir aldarfjórðungi.

**Ekkert bankahrun**

Það skín í gegn við lestur skýrslunnar í dag hve fjarri mönnum bankabólan var, að ekki sé talað um hrunið. Vissulega er fjallað um fjármálastarfsemina í skýrslunni, en hún er aldrei teiknuð upp sem sá stóri geiri í þjóðhagskökunni sem hún varð.

Á þessum tíma voru allir bankarnir ríkisbankar og litlar umræður um einkavæðingu þeirra. Atvinnuvegabankarnir voru enn við lýði, en það var ekki fyrr en árið 1990 sem Alþýðubankinn, Iðnaðarbankinn, Útvegsbankinn og Verzlunarbankinn sameinuðust í Íslandsbanka.

Allar áætlanir nefndarinnar gera því ráð fyrir að bankakerfið sé nokkurn veginn svipað og það var. Þjónusti fólkið og atvinnuvegina en sé ekki gerandi á markaðnum, líkt og síðar varð með alkunnum afleiðingum.

Þá má geta þess að Íslendingum fjölgaði meira en nefndin gerði ráð fyrir, en samkvæmt háspá (hæsta gildi) hennar áttum við að vera 287.200 árið 2010. Um áramótin voru Íslendingar, samkvæmt tölum Hagstofunnar, hins vegar 317.630.

## Þorskafli í kringum fjögur hundruð þúsund tonn

Sjávarútvegur hefur verið undirstaða byggðar hér á landi um árhundruð og því þótti nefndinni mikilvægt að kortleggja aflabrögð næstu áratuga. Umbrotatímar voru í sjávarútvegi þegar nefndin hóf störf sín, kvótakerfið var sett á árið 1983 og bundu menn vonir við að það gæti komið í veg fyrir ofveiði undanfarinna ára og byggt upp góðan þorskstofn. En gefum nefndinni orðið:

„Gert er ráð fyrir að það sveiflukennda ástand sem ríkt hefur á Íslandsmiðum síðan 1965 muni ríkja áfram á allra næstu áratugum. Því verður að álykta að aflabrögð verði einnig sveiflum háð, enda þótt draga megi úr þeim sveiflum með markvissri stjórnun veiðanna.“

**Úr 380 þúsundum í 160 þúsund**

Hvort fiskveiðistjórn síðasta aldarfjórðunginn hefur verið markviss eða ekki skal ekki fullyrt um hér. Í það minnsta hefur aldrei ríkt sátt um útgefinn kvóta. Fiskifræðingar kvarta yfir því að ráðherrar hafi tilhneigingu til að gefa út meiri kvóta en þeir leggja til og sjómenn kvarta yfir því að ráðherra gefi út of lítinn kvóta, nóg sé af fiskinum í sjónum. Áætlanir nefndarinnar um jafnstöðuafla þorsks í kringum 380 þúsund tonn hafa hins vegar engan veginn staðist og nægir að vísa til síðustu úthlutunar sjávarútvegsráðherra, en þar var gefið út 160 þúsund tonna aflamark.

**Kvalræði hvalveiðanna**

Það er hins vegar áhugavert að glugga í kafla nefndarinnar um hvalveiðar, ekki síst í ljósi þess að Íslendingar hafa hafið þær á ný.

„Mikil óvissa ríkir nú um framtíð hvalveiða Íslendinga vegna samþykktar Alþjóðahvalveiðiráðsins um stöðvun allra veiða í atvinnuskyni frá og með árinu 1986. Mjög hefur verið þrengt að hval- og selveiðum á undanförnum árum vegna ágreinings um siðferðilegt réttmæti veiðanna og eyðileggingu markaða í tengslum við andóf gegn veiðum. Af þessum sökum er erfitt að meta hver framvinda veiðanna verður á komandi áratugum. Með hliðsjón af ástandi stofnanna virðist raunhæft að halda uppi svipuðum veiðum og á undanförnum áratugum. Ákvörðun um það er þó m.a. háð samþykki þeirra alþjóðastofnana, sem með þessi mál fara.

Það er hins vegar mikilvægt fyrir stjórn fiskveiða í framtíðinni, að auka þekkingu á þætti hvala og sela í lífkeðjunni við strendur landsins, á fæðuþörf stofnanna og hugsanlegum þætti þeirra í lífsferli sníkjudýra á Íslandsmiðum.“

Miðað við deilurnar í dag um fiskiát hvala og þá óvissu sem um það virðist ríkja, verður að teljast ólíklegt að eftir þessari síðustu ráðleggingu hafi verið farið.



**SÁ GULI ER UTAR** Svo orti Einar Benediktsson þegar hann hvatti landa sína, um aldamótin 1900, að koma sér upp togurum og sækaj þorskinn lengra út. Það var gert með bravúr og loks var svo komið, árið 1983, að kvótakerfið var sett til að sporna gegn ofveiði. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

## Framsýnir orkuspámenn

Ekki verður annað sagt en að nefndin um orkunýtingu hafi hitt naglann nokkuð á höfuðið þegar kom að spá um orkunotkun á Íslandi árið 2010. Nefndin ofmat vatnsorkuna og vanmat olíunotkun, en að öðru leyti er hún nokkurn veginn rétt. Nefndin taldi að kol kæmu í stað olíu í ríkari mæli en áður hefði verið reiknað með.

Hins vegar vanmetur nefndin stórlega raforkuframleiðslu Íslendinga. Hún gerir ráð fyrir því að árið 2010 nemi raforkuvinnsla alls 5.355 gígavattsstundum. Raunin er sú að árið 2008 voru framleiddar hér 16.468 gígavattsstundir.

**Olíukreppan**

Það sem fyrst og fremst veldur nefndinni áhyggjum er olíuverð, enda höfðu menn brennt sig nokkuð á verðþróun síðustu áratugina.

„Orka hefur verið í brennidepli umræðna hér á landi eins og annars staðar í heiminum undanfarin ár, allt frá olíukreppunni fyrri 1973, þegar verð á olíu, mikilvægasta orkugjafa nútíma samfélags, margfaldaðist á einu ári. Sú umræða hefur hér á landi komið til viðbótar annarri, sem staðið hefur lengur, um möguleika okkar til að nýta orkulindir landsins til stóriðju sem yrði ný stoð undir þjóðarbúskap okkar, við hliðina á eldri, hefðbundnum atvinnuvegum. Olíuverðshækkanir léku efnahag margra landa grátt. Hér á landi skekktu þær viðskiptajöfnuð landsins við útlönd okkur í óhag, og vógu að fjárhagslegri afkomu sjávarútvegsins. Spurningin um það, hvort draga mætti úr innflutningi olíu með því að nýta orkulindir landsins í hennar stað varð brýnni.“

## Hvernig er spáin miðað við raunveruleikann?

| | Spá nefndarinnar | Aflamark 2010/11 * |
|---|---|---|
| Þorskur | 380-400 | 160 |
| Ýsa | 50-55 | 50 |
| Ufsi | 60-70 | 50 |
| Karfi | 100-110 | 40 |
| Grálúða | 25-30 | 13 |

*Í þúsundum tonna

| | Spá nefndarinnar* | | 2009/10** | |
|---|---|---|---|---|
| Vatnsorka | 1.200.000 | 43% | 1.055.804 | 36% |
| Jarðhiti | 1.000.000 | 36% | 993.379 | 34% |
| Olía | 500.000 | 18% | 781.000 | 27% |
| Kol | 100.000 | 3% | 108.921 | 4% |
| Alls | 2.800.000 | 100% | 2.939.105 | 100% |

*Tonn að olíugildi
**Tonn að olíugildi, rauntölur árið 2009 fyrir vatnsorku og jarðhita, en spá orkuspárnefndar fyrir 2010 fyrir olíu og kol.

Nú er rétti tíminn til framkvæmda:

# 100% endurgreiðsla

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

## á virðisaukaskatti af keyptri vinnu og allt að 300.000 kr. frádráttur frá skattstofni.

Sjá nánar á www.allirvinna.is

## Gæða- málning í BYKO!

### Íslensk framleiðsla í hæsta gæðaflokki.

Við erum stolt af því mikla úrvali af íslenskri málningu sem er í BYKO. Við mælum með málningu sem er sérhönnuð fyrir íslenskt veðurfar.
Í BYKO færðu gæðamálningu á frábæru verði.




BYKO

EXPO · www.expo.is









# Fjölskyldan rennir fyrir fisk

Fiskveiðar eru Íslendingum í blóð bornar og á sumardögum er gaman að pakka fjölskyldunni inn í bíl og halda að einhverju hinna fjölmörgu skemmtilegu veiðisvæða sem landið hefur upp á að bjóða. *Fréttablaðið* valdi nokkur hentug vötn.




## 1 SKAGAFJÖRÐUR

**Ölversvatn**

Skagafjörðurinn og Húnavatnssýslur eru rómuð veiðilönd. Ölversvatn á Skaga er stærsta vatnið á vatnasvæði Selár, en einnig má veiða í fleiri vötnum á svæðinu. Svæðið er um fjörutíu kílómetra frá Sauðárkróki og er afleggjarinn frá Hvalsnesi einungis fær jeppum og fjórhjóladrifnum fólksbílum. Bleikja og urriði eru mál málanna á svæðinu. Mögulegt er að leigja veiðihús með eldunaraðstöðu, auk svefnpokapláss á bænum Hvalsnesi þar sem einnig er hægt að elda aflann og láta reykja hann.

## 2 ÞINGVALLASVEIT

**Þingvallavatn - Þjóðgarður**

Ekki þarf að spyrja að náttúrufegurðinni hjá einu vinsælasta veiðivatni landsins, með sínum fjórum tegundum af bleikju og stórmerkilegum og nánast goðsagnakenndum urriðastofni, en mestu líkurnar á að fanga þar silung mun vera seint á kvöldin. Öll aðstaða fyrir veiðimenn er til fyrirmyndar í þjóðgarðinum.



## 3 KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

**Víkurflóð**

Eftir um sjö mínútna akstur frá Kirkjubæjarklaustri (fjóra kílómetra í suður) koma veiðimenn að þessu notalega vatni sem geymir sjóbirtinga, bleikjur og urrðiða allt frá smáfiski og upp í fimm til sex punda stykki. Góð aðstaða til fluguveiða og hægt að leigja smáhýsi og hótelgistingu á staðnum. Einnig kjörið fyrir þá sem gista í tjaldi á Kirkjubæjarklaustri og mörgum er eflaust akkur í því að golfvöllur er á staðnum.

## 4 AUSTUR- SKAFTAFELLSSÝSLA

**Þveit**

Í Nesjahreppi, skammt norðan Hafnar í Hornafirði, er þetta grunna vatn sem skartar margbreytilegu fuglalífi í fallegu umhverfi. Vatnið er við þjóðveg 1 og aðgangur því afar greiður. Í vatninu finnst bleikja, urriði, sjóbirtingur og sjóbleikja og víða er að finna gistiaðstöðu í nágrenninu. Til eru sagnir um að nykur hafi sést við vatnið á myrkum haustkvöldum.

## 5 MELRAKKASLÉTTA

**Hraunhafnarvatn**

Hraunhafnarvatn, í tíu kílómatra fjarlægð frá Raufarhöfn, er stærsta vatnið á Melrakkasléttu en einnig er hægt að veiða í Æðarvatni og Arnarvatni sem eru mun smærri. Þjóðvegur 85 liggur meðfram norðanverðu vatninu og aðgengi því nokkuð gott. Svæðið er þekkt fyrir fegurð, ekki síst þegar miðnætursólin gyllir hafflötinn á kyrrum kvöldum. Bleikju má fá um allt vatnið en urriðinn heldur sig syðst í vatninu.

## 6 VESTUR-BARÐASTRANDARSÝSLA

**Sauðlauksdalsvatn**

Sauðlauksdalsvatn, eitt skemmtilegasta veiðivatnið á Vestfjarðakjálkanum, er í 28 kílómetra fjarlægð frá Patreksfirði og um 380 kílómetra frá Reykjavík. Með því að taka ferjuna Baldur yfir Breiðafjörð er hægt að stytta vegalengdina um 150 kílómetra eða svo. Gott aðgengi er að vatninu en hafa verður í huga að einungis er leyfilegt að aka eftir merktum slóðum. Bleikju og hina vænstu urriða er að finna í vatninu.

## 7 REYKJANESSKAGI

**Kleifarvatn**

Kleifarvatn er stærsta vatnið á Reykjanesskaganum og eitt dýpsta vatn landsins, eða rúmlega níutíu metra djúpt. Eldbrunnið umhverfið er hrjóstrugt en þó fallegt um leið. Silungsseiði af bleikjustofni voru sett í vatnið á sjötta áratugnum og hafa þau dafnað vel, og fleiri seiðum hefur verið sleppt í vatnið síðan svo veiðin í vatninu er oft ágæt. Aðgengi að vatninu er gott ef ekin er Krýsuvíkurleið.

## 8 SUÐUR-ÞINGEYJARSÝSLA

**Kringluvatn**



Kringluvatn, í tæplega fjörutíu kílómetra fjarlægð frá Húsavík, þykir með barnvænni vötnum landsins. Mjög góð dorgveiði er í vatninu allt árið og þar má rífa upp talsvert af vænum urriða. Tjaldsvæði er við vatnið og einnig má fá gistingu hjá Ferðaþjónustunni Heiðarbæ sem er í um tíu til fimmtán kílómetra fjarlægð norðan við vatnið.

## 9 EGILSSTAÐIR

**Urriðavatn**

Vatnið er í um fimm kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum, við þjóðveg 1 og 925 og því greiðfært fyrir alla bíla að vatninu. Uppistaða veiðinnar er eins punds bleikja en þó geta stærri fiskar slæðst með. Afar gott berjaland er í nágrenni Urriðavatns sem ætti að gera heimsókn þangað að fyrirtaks skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

## 10 SNÆFELLSNES

**Hraunsfjörður**

Hraunsfjörður þykir afburðaskemmtilegt veiðisvæði, en um er að ræða lón fyrir innan stíflu við Hraunsfjörð á víðáttumiklu svæði. Prýðis aðstaða er fyrir bæði tjöld og húsbíla við vatnið og júlí og ágúst eru taldir bestu mánuðirnir fyrir veiði á þessum slóðum. Ekki skemmir fyrir að farsímasamband við vatnið mun vera fremur slæmt, sem ætti að gefa fjölskyldunni frið frá endlausu símamali.

## 11 KJÓSARHREPPUR

**Meðalfellsvatn**

Frá Hvalfirði er ekið um veg 461 sem liggur að Meðalfellsvatni, sem er tilvalið vatn fyrir alla fjölskylduna að skjótast í og veiða. Sérlega mikið er um smábleikju í vatninu, sem hentar afar vel fyrir ungviðið. Hægt er að nálgast gistingu í nágrenninu, meðal annars hjá Ferðaþjónustunni Hjalla og Eyrarkoti, en besti veiðitíminn er fram í miðjan ágúst.

## 12 BOLUNGARVÍK

**Syðridalsvatn**

Í Bolungarvík við Ísafjarðardjúp er Syðridalsvatn, mjög gott veiðivatn sem er um einn ferkílómetri að stærð. Hægt er að leigja bát á bænum Hanhóli til notkunar á vatninu og einnig er fjölbreytt fuglalíf á svæðinu og möguleiki á að líta augum sjaldgæfa fugla á borð við gráhegra og himbrima.

## Nokkrir hlutir sem gott er að hafa í huga þegar fjölskyldan heldur í veiðiferð

- Veiðikortið 2010 veitir nær ótakmarkaðan aðgang að öllum þeim vötnum sem hér eru talin upp, auk tuttugu annarra vatna víðs vegar um landið. Veiðikortið kostar 6.000 krónur og fylgir handbók hverju seldu korti, þar sem finna má leiðbeiningar og reglur. Hægt er að festa kaup á Veiðikortinu 2010 á vefnum veidikortid.is, á bensínstöðvum N1, hjá Íslandspósti eða í veiðivöruverslunum um land allt.
- Meðal annarra vatna sem mæla má með fyrir veiðitúr fjölskyldunnar eru Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði, Reynisvatn í Reykjavík, Laugarvatn og Apavatn í Árnessýslu, Eiðavatn á Austurlandi og mörg fleiri. Heillavænlegast er að kanna hvernig málum er háttað með veiðileyfi, gistiaðstöðu og annað áður en lagt er af stað. Upplýsingar um slíkt má meðal annars finna á vefsíðunum veidikortid.is, nat.is, votnogveidi.is og ýmsum öðrum.
- Þá er gráupplagt að rölta niður að höfnum landsins og dorga þar í ró og næði. Til að mynda hefur frést af fjölskyldum sem mokað hafa upp makríl í höfninni í Keflavík nýlega og svipað er eflaust upp á teningnum í mörgum öðrum stöðum.
- Algengt er að börn undir fjórtán ára aldri veiði frítt í fylgd fullorðinna með Veiðikort, en það er þó ekki algilt. Eins er algengt að handhafar Veiðikortsins tjaldi sér að kostnaðarlausu í námunda við vötnin.

## Safnaðu síðunum!

Yfir háannaferðatímann í sumar birtir helgarblað Fréttablaðsins Íslandskort með upplýsingum fyrir ferðalanga. Um síðustu helgi var það vegvísir að sveitamörkuðum um allt land og í dag leiðarvísir að hentugum veiðivötnum fyrir fjölskyldur. Á næstu vikum má svo búast við svipuðum vísum að ýmsum perlum sem vert er að muna eftir á ferðalaginu.

# fjölskyldan

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]

júlí 2010

## Útivist og hollusta

Arna Skúladóttir hefur skrifað bók sem varpar ljósi á fjölmargar hliðar foreldrahlutverksins.

SÍÐA 2





## Með frá upphafi

Benedikt Guðmundsson og fjölskylda hafa tekið þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ síðan 1992.

SÍÐA 2

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





# Bestu dagar sem hægt er að fá

**Frænkurnar Oddlaug Sjöfn Árnadóttir og Oddlaug Marín Svanhvítardóttir eiga sérstakan dag saman reglulega sem þær kalla Oddlaugar og Oddlaugardag. Þá gera þær alltaf eitthvað skemmtilegt.**



Oddlaug Sjöfn Árnadóttir hefur búið á Ítalíu síðan árið 2000 en þá var systurdóttir hennar og nafna, Oddlaug Marín Svanhvítardóttir aðeins ársgömul. Þær frænkur hittast þó reglulega og þá reyna þær að verja að minnsta kosti einum degi bara tvær saman.

„Við köllum þetta Oddlaugar og Oddlaugardag og þetta eru bestu dagar sem hægt er að fá. Þessir dagar eru mjög heilagir, það má enginn vera með okkur og það má ekki einu sinni hringja í okkur," segir Oddlaug Sjöfn.

Þar sem Oddlaug eldri býr erlendis hafa dagarnir verið haldnir bæði í Reykjavík og Róm og meira að segja í London. „Einu sinni þegar við vorum í Róm keyptum við okkur svona uppblásna Barbie-sundlaug sem við settum á svalirnar og þar svömluðum við allan daginn og borðuðum ís," segir hún og hlær. „Og þegar við vorum í London fórum við saman í verslunarferð sem endaði í einhverri bangsabúð þar sem Oddlaug litla fékk að velja sér svona bangsa sem er hægt að setja hjarta í," bætir hún við.

Oddlaug segir að þegar þær séu á Íslandi fari þær oftast í Húsdýragarðinn. „Við getum tekið alveg heilan dag í það, farið í hringekjuna og labbað um svæðið og þar í kring. Við löbbum yfirleitt allt sem við förum saman og ræðum málin á meðan. Við getum endalaust talað um lífið og tilveruna og hvernig er hægt að betrumbæta sig í teikningu sem hún er mjög góð í og hvernig æfingin skapar meistarann og hvað við erum rosalega líkar þó það sé svona langt á milli okkar og hvað eplið fellur sjaldan langt frá eikinni."

Oddlaug segir að henni finnist mjög erfitt að vera svona mikið í burtu frá frænku sinni. „Hún er bara litla barnið mitt og hefur alltaf verið það. Fyrstu hendurnar sem hún snerti voru mínar og við höfum verið mjög samrýmdar í gegnum tíðina. Hún var svo lítil þegar ég fór og það var rosalega erfitt að fara frá henni og vita að ég gæti ekki tekið þátt í stórum hluta af uppvexti hennar. En ég er að flytja heim í desember og þá fæ ég að vera með henni á gelgjunni og þá verðum við örugglega alveg rosalega góðar saman," segir hún og hlær. *- eö*




Íbúðalánasjóður

## Lán til endurbóta og viðbygginga

Íbúðalánasjóður veitir lán til endurbóta á húsnæði að innan og utan. Meðal annars eru veitt lán til lóðarframkvæmda og viðbóta við húsnæði. Lán geta numið allt að 80% af framkvæmdakostnaði. Hámarkslán eru 20 milljónir og lánstími 5 til 40 ár. Sömu vextir eru á þessum lánum og almennum lánum Íbúðalánasjóðs.

**www.ils.is**

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Vera Einarsdóttir
skrifar



# Tvöföld skilaboð

Foreldrar eiga að vera samstíga í uppeldinu segja fræðin en raunveruleikinn á mínu heimili er stundum annar. Ég er foreldrið sem er alltaf á bremsunni á meðan eiginmaðurinn er léttari á bárunni. Nærtækt dæmi er þegar við fjölskyldan vorum stödd í Bónus á Laugavegi að gera helgarinnkaupin. Sonurinn, átta ára, var farinn að ókyrrast og vildi fá að fara á undan heim en heimili okkar er spölkorn frá. Ég tók það ekki í mál enda hafði ég rekið augun í ógæfufólk fyrir utan búðina. Pabbinn var hins vegar á allt öðru máli, hló og sagði barninu bara að drífa sig enda hefðu rónarnir verið sofandi á bekk. Ég benti honum á að þeir hefðu nú getað rankað við sér enda værum við búin að verja dágóðum tíma í búðinni en hann var fastur fyrir. Barnið var tvístígandi, horfði afsakandi á mig en fór síðan að ráðum pabba síns enda orðinn hundleiður á því að vera í búðinni.

Dæmin eru fleiri og er ekki laust við að sonur okkar fái stundum tvöföld skilaboð. Þar sem hann er frekar hæglátur og varfærinn hef ég hins vegar yfirleitt litið á það jákvæðum augum að pabbi hans skuli aðeins hrista upp í honum og gera grín að því þegar hann verður áhyggjufullur (eins og mamma hans). Fyrir vikið tekst honum í seinni tíð að slá alvarlegustu hlutum upp í grín og taka þeir feðgar sig æ oftar til og gera grín að móðursjúku mömmunni á heimilinu.

Í vikunni sem leið snerist dæmið þó óvænt við. Fjölskyldan lagði leið sína á Karate Kid og fylgdist með því þegar Jackie Chan barði „vondu börnin" í myndinni sundur og saman ásamt ljótum barnaslagsmálum. Í stað þess að ég sæti með lokuð augun og léti í mér heyra sat pabbinn og fussaði og sveiaði út í gegn. „Þetta er nú ekki í lagi. Á þetta ekki að vera barnamynd," heyrðist í honum æ ofan í æ. Þegar myndinni lauk byrjaði hann samstundis á því að tala um fyrir barninu og sagði honum að ef svona spörk með tilheyrandi hljóðbrellum væru framkvæmd í alvörunni þá liði ekki á löngu þar til einhver lægi í valnum. Ég gat auðvitað ekki verið annað en sammála, þó ég hafi að öðru leyti haft gaman af myndinni, en var óneitanlega hissa á því að ég skyldi ekki vera fyrri til að halda þessa ræðu. Við mæðginin sáum okkur leik á borði og gerðum að sjálfsögðu stólpagrín að viðkvæmni pabbans.














**Úti í garði** Arna Skúladóttir barnahjúkrunarfræðingur og barnabörn hennar Arna Rún og Sigurjón Tryggvi Sigurjónsbörn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Útivera bætir líðan

**Þótt flestum börnum þyki gaman að koma á nýjan áfangastað þá reynist mörgum þeirra erfitt að sitja lengi kyrr. Því þarf að gera ferðina skemmtilega með skipulögðum hætti.**

Það þarf að undirbúa ferðir með lítil börn vel og sé stoppað reglulega þá ætti allt að ganga að óskum," segir Arna Skúladóttir barnahjúkrunarfræðingur sem hefur nýlega gefið út bókina Veganesti og fjallar þar um fæðu barna, samveru fjölskyldunnar og samspil næringar og svefns.

„Útivera með hreyfingu er einföld leið til að bæta líðan barna. Hún hefur veruleg áhrif bæði á næringu og svefn," segir Arna og bendir á að það eigi við hvort sem verið sé í heimahögum eða á ferðalagi. Hún telur flest börn að upplagi áfjáð í útiveru og að þeirri hvöt þurfi að halda við. „Börnin vilja út og maður verður að nenna með þeim þó veðrið sé kannski ekkert sérstakt," segir hún.

Hvernig er best að haga fjölskylduferð þannig að smáfólkið sé ánægt? „Bílferðir fyrri part dags eru yfirleitt betri fyrir börnin," tekur Arna fram. „Ef við erum með tveggja til fjögurra ára börn eða eldri er hægt að sýna þeim á korti hvert verið er að fara og ákveða fyrirfram hvar eigi að stoppa. Þá er gott að miða við sundstaði, leikvelli, íþróttavelli, fjöru eða lítinn læk frekar en sjoppurnar. Þannig að sundföt, bolti, skófla og nesti þurfa að vera með í för. Það er þeirra pakki." Hún minnir líka á stígvélin handa börnunum svo hægt sé að sulla. „Að stoppa í fjöru, við læk eða poll er alltaf vinsælt," bendir hún á.

Arna mælir með að leyfa börnunum að hjálpa til að útbúa nesti fyrir ferðalög. „Ef þau setja nestið sjálf í box þá margfaldast líkurnar á að þau borði það," segir hún og nefnir vínber, banana, epli, gulrætur og paprikur sem góðan kost. „Flatkökur eru líka einstaklega þægilegar og svo er vatnsbrúsi með röri góður ferðafélagi því börnin þurfa að hafa nóg að drekka."

Að kenna börnum að tína upp í sig súrur, ber og annað ætilegt úr náttúrunni telur Arna nauðsynlegan þátt. „Börn borða ber miklu frekar ef þau tína þau sjálf," segir hún og bætir við. „Leyfið þeim að tína ber af lyngi og runnum og hafið ekki of miklar áhyggjur af því hvort þau séu skoluð." *- gun*

## Hugleiðing og heilræði Örnu

Við erum ekki í mörgum kössum þar sem í einum er svefn, öðrum næring og þeim þriðja hegðun heldur eru við ein heild þar sem hlutir hafa áhrif hver á annan. Útivera er líklega einfaldasta og ódýrasta aðferðin til að hafa áhrif á líðan bæði barna og fullorðinna. Líðan okkar hefur svo áhrif á hvernig við borðum, sofum og hegðum okkur.

Gott er að miða við að börn undir eins árs fari út að lágmarki einu sinni á dag og eldri þurfa útiveru að lágmarki tvisvar á dag.

# ALLTAF GAMAN AÐ TAKA ÞÁTT

**Benedikt Guðmundsson og fjölskylda taka þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ.**

Unglingalandsmót UMFÍ stendur yfir í Borgarnesi. Benedikt Guðmundsson, deildarstjóri hjá BYKO, og fjölskylda hafa farið á flest mótin síðan 1992 . „Þá mættu um 1.000 manns í Stykkishólm og þeim hefur fjölgað mikið síðan, enda er þetta frábær fjölskylduhátíð, með íþróttir fyrir krakka og afþreyingu sem höfðar til ólíkra aldurshópa."

Hann segir ekki einu sinni hafa hvarflað að fjölskyldunni að verja verslunarmannahelginni annars staðar. „Nei, við og krakkarnir erum hæstánægð með þetta fyrirkomulag, enda kynnast þau þarna jafnöldrum sínum alls staðar að af landinu og við hittum gamla og góða kunningja. Svo erum við líka öll á kafi í íþróttum þannig að þetta er frábært. Svo er gaman að mótið skuli vera fært milli staða. Þannig er maður alltaf að kynnast landinu betur og að hitta nýtt fólk. Eins er alltaf gaman að sjá og upplifa hversu vel heimamenn standa sig í skipulaginu." *- rve*



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Samheldin fjölskylda** Benedikt Guðmundsson og Guðrún Pétursdóttir með börn sín Sindra og Sigríði Birtu. Soninn Vigni vantar á myndina.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Valgarður Gíslason Pennar: Emilía Örlygdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir og Vera Einarsdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Hjörtur Hjartarson hjorturi@365.is og Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is*



**MARKAÐSDAGUR** verður haldinn í Gamla bænum í Laufási í Eyjafirði mánudaginn 2. ágúst frá klukkan 14 til 17. Á markaðnum verður meðal annars að finna handverk, listmuni og margs konar matvöru úr héraðinu.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

ENSKA ÁN ERFIÐIS Tungumál.is

Frábær leið til þess að læra ensku þegar þér hentar, hvar sem þú ert Heima, í sumarbústaðnum eða í bílnum

Upplýsingar í síma 540-8400 820-3799

**Hlusta:** Nám á 18 geisladiskum með enskum og íslenskum kennurum. Nemandinn hlustar á geisladiskana og nýtir þannig heyrnarminni sitt.

**Tala:** Nemandinn les upphátt með kennurunum og leiðréttir þannig framburð sinn, jafnframt nýtir hann tilfinningaminni sitt og færni sýna í að tala enska tungumálið.

**Lesa:** Vinnubók með ensku og íslensku textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt við eldri námsaðferðir.

**Aðstoð:** Nemandinn getur haft samskipti við kennara símleiðis eða með tölvupósti






Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

LINNETSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS



Arnbjörg og Joa giftu sig á fimmtudag en slá brúðkaupsferð sinni á Snæfellsnes á frest fram yfir tónleika sem þau halda í Salnum á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hveitibrauðsdögunum varið í söngæfingar

**Sópransöngkonan Arnbjörg María Danielsen og sænski barítóninn Joa Helgesson ætla að verja helginni í æfingar ásamt því að njóta hveitibrauðsdaganna í ró og næði í Reykjavík en þau giftu sig á fimmtudag.**

Arnbjörg María Danielsen og Joa Helgesson halda tónleika undir yfirskriftinni Ungir einsöngvarar í Salnum í Kópavogi á miðvikudag og munu verja stærstum hluta helgarinnar í æfingar með píanóleikaranum Jóni Sigurðssyni. Þau voru gefin saman á fimmtudag og má því segja að nokkuð óvenjulegir hveitibrauðsdagar séu fram undan.

„Við erum að hefja sambúð í Sviss, eigum von á barni og viljum því drífa í því að láta gefa okkur saman. Við fórum til borgardómara og út að borða með fjölskyldunni en ætlum svo að halda partý seinna þegar betur stendur á,“ segir Arnbjörg. Hún segir Joa, sem er hér á landi í fyrsta skipti, leggja sig allan fram við að læra íslensku. „Hann er að lesa Njálu fyrir börn sem stendur og ég á allt eins von á því að hann grípi í hana á milli æfinga. Þá les hann alla ferðabæklinga sem hann kemst í spjaldanna á milli og er staðráðinn í því að læra íslensku á mettíma,“ segir Arnbjörg sem hefur fulla trú á eiginmanni sínum enda hefur hann búið í Kína og er altalandi á kínversku. „Fyrst hann gat lært kínversku hlýtur hann að geta lært íslensku,“ segir hún glöð í bragði.

Arnbjörg og Joa kynntust í óperukeppninni Queen Sonja International Music Competition í Noregi í fyrra. „Við unnum nú ekki til verðlauna en fengum hvort annað og berum því hlýjan hug til keppninnar,“ segir Arnbjörg. Hún lauk námi frá Mozarteum-tónlistarháskólanum í Salzburg í fyrra en var áður við nám á Íslandi og Ítalíu. Joa mun hefja störf við óperuna í Zürich með haustinu og ætla hjónin sér að setjast þar að. „Zürich er alþjóðleg borg sem hentar okkur vel enda höfum við búið víða,“ segir Arnbjörg.

Á tónleikunum, sem eru hluti af Listahátíð unga fólksins, tvinna þau hjónin saman verk eftir Mozart, Stravinsky, Wagner, Korngold og Kurt Weill og munu bæði syngja dúetta og aríur. Tónleikarnir hefjast klukkan 20. *vera@frettabladid.is*



ÚTSALAN HEFST Á ÞRIÐJUDAG

10-50%
afsláttur af öllum vörum

Lín DESIGN

Lín Design - gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 - Sími 533 2220 - www.lindesign.is

**AF STAÐ** á Reykjanesið er gönguhátíð sem stendur yfir um helgina. Í dag, morgun og á mánudag verður farið í gönguferðir sem hefjast allar klukkan 11. Nánari upplýsingar á natturuvika.is.



# Í fótspor skáldsins

**Söguganga Minjasafnsins á Akureyri hefst við Sigurhæðir á morgun klukkan 14.**



Matthías Jochumsson bjó á Sigurhæðum í tvo áratugi. mynd/úr einkasafni

Söguganga Minjasafnins á Akureyri um verslunarmannahelgina verður með breyttu sniði þetta árið þar sem lagt verður af stað frá Sigurhæðum, húsi skáldsins Matthíasar Jochumssonar.

Matthías bjó með fjölskyldu sinni á Sigurhæðum síðari hluta ævi sinnar, en húsið reisti hann sjálfur árið 1903. Þar er nú margvísleg menningarstarfsemi og auk þess safn í minningu Matthíasar.

Gangan hefst við Sigurhæðir á morgun klukkan 14 og verður haldið þaðan í Innbæinn að Minjasafnskirkjunni, en þá leið gekk Matthías gjarnan sér til heilsubótar. Þaðan verður farið upp og norður Nonnastíg, um Búðagil, Spítalaveg og Eyrarlandsveg aftur að Sigurhæðum, þar sem kaffi, kakó og vöfflur verða í boði.

Gangan er létt og þægileg og því tilvalin fyrir alla fjölskylduna. Ekkert þátttökugjald er í gönguna.

*- rve*





12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS


# Enginn býst við neinu

Spurður um viðbrögðin við fregnunum segist Steindór varla hafa vitað við hverju hann ætti að búast. „Það er hommafótboltalið í Reykjavík, Knattspyrnufélagið Styrmir, en þeir hafa aldrei spilað í deildinni og ég renndi dálítið blint í sjóinn með þetta. En það breyttist ekki neitt. Allir hér í kring hafa tekið þessu mjög vel, enda breyttist ekkert í mínu fari við að koma út úr skápnum. Í einum leik á undirbúningstímabilinu í vor heyrði ég reyndar einn leikmann hins liðsins kalla „ekki láta þennan homma komast fram hjá þér,“ en ég hafði bara gaman af því og fannst það fyndið,“ segir Steindór.

### Samfélagið er að átta sig

Hann segir viðhorf samfélagsins gagnvart samkynhneigðu fólki hafa breyst mjög mikið á síðustu árum. „Til dæmis hafa nokkrir strákar frá Höfn komið út úr skápnum og enginn þeirra býr hérna lengur, sem segir sitt, en samfélagið er greinilega að átta sig á hlutunum. Það getur vel verið að það virki hvetjandi á aðra sem eru í svipuðum sporum að ég hafi komið út, en ég hugsa lítið um það. Það kæmi mér þó ekki á óvart ef fleiri opinberlega samkynhneigðir leikmenn myndu bætast við deildina næstu árin.“

### Markmiðið gæti náðst

Hornafjarðarliðið á ágætis möguleika á að komast í úrslitakeppni þriðju deildar, en Sindri situr sem stendur í öðru sæti A-riðils og á meðal annars eftir að etja kappi við Árborg, efsta liðið í deildinni. „Markmiðið var allan tímann að komast í úrslitin. Svo er bara bónus ef við komumst upp um deild,“ segir Steindór.

Hann hefur að sögn lítið hugsað út í hvað taki við eftir að náminu lýkur, enda hafi fótboltinn ávallt verið númer eitt, tvö og þrjú á forgangslistanum. Steindór veit þó upp á hár hvar hann verður um næstu helgi, en þá fer Gay Pride-hátíðin fram í Reykjavík. „Ég hef heyrt af því að strákarnir í Reykjavík séu dálítið að tala um mig og þeir eru víst ánægðir með þetta. Það er reyndar leikur hjá Sindra gegn KFG þessa helgi en ég bað um að fá frí fyrir mörgum mánuðum vegna Gay Pride og þjálfarinn, Óli Stefán Flóventsson, samþykkti það. Ég verð á Höfn að vinna meðan hinir strákarnir skemmta sér um verslunarmannahelgina og þeir vildu leyfa mér að skemmta mér smávegis líka,“ segir Steindór að lokum.



**FÓTBOLTINN Í FYRSTA SÆTI** Steindór er harður stuðningsmaður Manchester United og í efstu deild á Íslandi fylgir hann KR að málum, sjálfur borinn og barnfæddur Hornfirðingurinn. „Ég veit að það hljómar ótrúlega, en það er vegna þess að frænka mín heldur með KR. Ég kemst hins vegar sjaldan á leiki,“ segir Steindór.

MYND/HAFÞÓR BOGI REYNISSON





1 Stærstum hluta dagsins var eytt í Herjólfsdalnum eins og gefur að skilja. Tjörnin þar sem Herjólfur Bárðarson, fyrsti landnámsmaður Vestmannaeyja, byggði bæ sinn er mikilvægur hluti dalsins.



2 Allir leggjast á eitt við að gera Þjóðhátíðina sem best úr garði. Hér í baksýn eru ungir jafnt sem aldnir önnum kafnir við að setja upp tjöld heimamanna, sem eru tæplega 400 talsins og fullnýtt á hverju sumri.



3 Tjöldin eru þannig fest upp að hvítur dúkur er settur yfir grind, svo ekki er þörf á spottum eða neinu slíku. Þessir herramenn víla ekki fyrir sér að beita sleggjunni við verkið.

# Gert klárt fyrir Þjóðhátíð

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum hefur verið haldin allt frá árinu 1874 og fjölmargir sem leggja leið sína þangað í ár sem endranær. **Páll Scheving**, formaður Þjóðhátíðarnefndar, festi á filmu nokkur dæmi um þann mikla undirbúning sem fram fer.

## MYNDBROT ÚR DEGI | fimmtudaginn 29. júlí | Myndir teknar á Nikon D90



4 En bæjarstjórinn, Elliði Vignisson, gengur skrefinu lengra og nýtir sér hólk til að berja grindina niður. Í raun mætti kalla það bæjarstjórafríðindi að búa yfir slíkri græju.



5 Hér sést í baksýn Hofið svokallaða, sem er í raun minnisvarði frá gamalli tíð þegar íþróttafélögin Týr og Þór höfðu ekki sameinast. Týr var alltaf með Hofið og Þór með Mylluna, en þetta er eingöngu notað til skrauts.



6 Sóknarprestarnir, Kristján Björnsson og Guðmundur Örn Jónsson, fyrir framan kirkjudyrnar.



Við ætlum að gera betur
Arion banki

**KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR FYRRVERANDI UMHVERFISRÁÐHERRA ER FIMMTÍU OG FIMM ÁRA Í DAG.**



*„Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er í hnotskurn sú stefna sem horfir jafnt til innsta kjarna og ystu endimarka.“*

***Kolbrún er leikari og leikstjóri. Hún sat á þingi fyrir Vinstri hreyfinguna - grænt framboð frá 1999 til 2009 og var umhverfisráðherra á fyrri hluta ársins 2009.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 31. JÚLÍ 1948

## *Kirkja vígð í Fossvoginum*



Fossvogskirkja var vígð þennan mánaðardag 1948. Hún var teiknuð af Sigurði Guðmundssyni arkitekt. Hún er grafarkirkja í eigu safnaðanna í Reykjavíkurprófastsdæmum og þar hefur líkbrennsla farið fram fyrir allt landið síðan hún var byggð árið 1948 enda var komið þar fyrir líkbrennsluofnum í samvinnu við Bálfararfélag Íslands.

Árið 1980 var geymsluhúsnæði í vesturálmu breytt í bænhús til afnota fyrir kistulagningar og fámennar jarðarfarir. Kapella var byggð við norðausturhorn kirkjunnar árið 1983 og er notuð á sama hátt og bænhúsið.

Austan kirkjunnar er listaverk eftir Einar Jónsson myndhöggvara. Það er minnisvarði um þá sem fórust með Glitfaxa, flugvél Flugfélags Íslands, árið 1951.

## MERKISATBURÐIR

**1423** Englendingar vinna sigur á Frökkum í orrustunni við Cravant.

**1667** Öðru stríði Englands og Hollands lýkur með Breda-sáttmálanum.

**1935** Tryggvi Þórhallsson, bankastjóri Búnaðarbankans, deyr 46 ára. Hann hafði verið ritstjóri Tímans í 10 ár, þingmaður í 12 ár og forsætisráðherra í 5 ár.

**1991** Börn náttúrunnar, kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar er frumsýnd í Stjörnubíói. Hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna.

**1992** Fyrsta glasabarnið fæðist á Íslandi. Það var stúlka sem vó 14 merkur.

# Nýupptekið í Hveragerði



Um helgina verður hægt að kaupa glænýtt grænmeti úr gróðurhúsum auk nýupptekins útigrænmetis í Hveragerði. Tómatar, gúrkur, paprika, salat, kál, rófur, gulrætur, kartöflur, hnúðkál, púrra, sellerí og fleira verður á boðstólum. Grænmetismarkaðurinn verður haldinn á bílastæði Leikfélags Hveragerðis við hliðina á Eden. Opið verður allar helgar fram á haust, laugardaga og sunnudaga frá kl. 12.00- 19.00.

**- jbá**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gústaf Gústafsson**

Stigahlíð 97, Reykjavík

andaðist aðfaranótt laugardagsins 24. júlí á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 5. ágúst kl. 13.00.

**Halldór Gústafsson**
**Helgi Gústafsson** — **Guðrún B. Hallbjörnsdóttir**
**Gústaf Gústafsson**
**Leifur Gústafsson** — **Fríða Dís Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí áletrun

Fallegir legsteinar á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com



**Útfararþjónusta**
**Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699



**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511


Rúnar Geirmundsson


Sigurður Rúnarsson


Elís Rúnarsson


Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

MÁLÞING AÐ NÝP: 175 ÁR FRÁ FÆÐINGU MATTHÍASAR JOCHUMSSONAR

# Sá glampann í drengnum

Matthías Jochumsson skáld og þýðandi fæddist 11. nóvember 1835 að Skógum í Þorskafirði. Í ár eru því 175 ár frá fæðingu hans. Málþing verður haldið af því tilefni að Nýp á Skarðsströnd í dag á milli klukkan þrjú og fimm. Kristján Árnason, þýðandi og bókmenntafræðingur, mun flytja erindi um þýðingar og skáldskap Matthíasar og Þórunn Erlu Valdimarsdóttir, sagnfræðingur og rithöfundur, fjalla um bernsku skáldsins.

„Það er vel við hæfi að halda málþingið að Nýp því Matthías var fæddur við Breiðafjörðinn, ekki langt frá Skarðsströndinni, því það var svo mikill samgangur á sjó í gamla daga,“ byrjar Þórunn þegar hún er beðin að gefa lesendum smá hugmynd um það sem hún ætlar að bera fram fyrir gesti málþingsins. „Ég ætla að byrja á barnæskunni og fara miklu lengra og nota myndir með. Ég á svo mikið efni, bæði í myndum og máli,“ lýsir hún en eins og margir muna skrifaði Þórunn ævisögu Matthíasar, Upp á Sigurhæðir, sem kom út 2006. Hún rifjar fúslega upp glefsur sem einmitt tengjast Dölunum. „Matthías var sendur til prestsins að Kvennabrekku í Dölum sem var móðurbróðir hans og margverðlaunaður fyrir landbúnaðarafrek en hafði engan sérstakan áhuga á þessum unga frænda sínum og fattaði ekkert að hann væri séní. Matthías var sár. Bestu stundirnar meðan á þessari dvöl stóð átti hann í seli þar sem hann dvaldi í tvö sumur. Hjá prestinum var í vinnumennsku kona sem hét Guðný og hún, þessi elska, átti hefti af ljóðmælum Jónasar Hallgrímssonar. Matti kunni að lesa og hann fékk þessa bók lánaða í selið og lærði utan að. Þetta var svo góð kona, hún sá glampann í drengnum og byggði hann upp. Þetta er sá hluti ævi Matthíasar sem tengist Dalasýslu mest.“

Þórunn kveðst hafa farið í vettvangsferðir vestur að Breiðafirði þegar hún vann að heimildarvinnunni fyrir bókina, meðal annars gengið upp að seljum í grösugum dölum og mælir eindregið með slíkri útvist fyrir þá sem ekki vilji príla um einhverja leggjabrjóta. Spurð hversu lengi sé verið að keyra vestur á Skarðsströnd svarar hún. „Ég tók nú aldrei tímann en maðurinn minn giskar á tvo og hálfan tíma. Rétt fyrir ofan Bifröst í Borgarfirði er vegurinn upp á Bröttubrekku sem er malbikaður. Þegar komið er þar yfir er maður eiginlega kominn á Skarðsströndina.“

Hún lýkur lofsorði á framtak Þóru Sigurðardóttur myndlistarkonu að opna menningarsetur að Nýp. „Það er bara dásamlegt fyrir þjóðina að fá á kortið enn einn stað með menningu. Ekki síst eftir hrun og niðurlægingu. Það er svo gott að græða sárin með einhverju sem er einhvers virði.“

**gun@frettabladid.is**



**ÞÓRUNN VALDIMARSDÓTTIR, RITHÖFUNDUR OG SAGNFRÆÐINGUR.** „Það er vel við hæfi að halda málþingið að Nýp því Matthías var fæddur við Breiðafjörðinn, ekki langt frá Skarðsströndinni, því það var svo mikill samgangur á sjó í gamla daga.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Læra að vera höfundar eigin lífs

Hópur tuttugu og fimm spænskra ungmenna er staddur hér á landi á vegum Evrópu unga fólksins til að taka þátt í verkefni með jafnmörgum íslenskum ungmennum þar sem unnið er með bók Stevens Covy, 7 habits for highly effective teens.

„Þetta kerfi hefur gefist vel víða um heim en ungmennin læra fyrst og fremst að taka frumkvæði, vera höfundar eigin lífs og hafa stjórn á viðbrögðum sínum,“ segir Margrét Jónsdóttir, vararæðismaður Spánar, sem fer fyrir hópnum og hefur veg og vanda af því að leiða ungmennin saman. Farið er í gegnum venjurnar sjö en sú fyrsta er að taka fumkvæði önnur að setja sér markmið, þriðja að forgangsraða, fjórða er að sjá hag í því að semja þar sem báðir aðilar græða á því, fimmta er að byrja á því að skilja aðra og vænta þess svo að aðrir sýni skilning, sjötta fjallar um að fólk sé betur sett með öðrum en eitt og sjöunda um að það sé nauðsynlegt að vera stöðugt að endurmennta sig og brýna sögina.

Þetta segir Margét vera einkenni á þeim sem vilja verða leiðtogar og ná árangri og sér strax mun á krökkunum. Þau hafa haft aðstöðu í Frostaskjóli og farið í gegnum venjurnar skref fyrir skref. Íslensku ungmennin koma úr Vesturbænum, Breiðholti og Laugarneshverfi en spænsku ungmennin koma öll úr þorpi þar sem Margrét var skiptinemi fyrir 24 árum.

**-ve**



**LEIÐTOGAR FRAMTÍÐARINNAR** Margrét Jónsdóttir hefur leitt saman rúmlega fimmtíu ungmenni frá Íslandi og Spáni til að fara í gegnum 7 venjur Covey's.




**SÓLARHRINGSVAKT** FÍB hefur staðið fyrir þjónustuvakt um verslunarmannahelgina í tæp 60 ár.

# Vegaaðstoð veitt í tæp 60 ár

Félag íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, verður með þjónustuvakt um verslunarmannahelgina fyrir bíleigendur, en félagið fór að veita þessa þjónustu fyrst árið 1953.

Hjálparþjónusta FÍB miðast við að aðstoða bíleigendur á ferðalagi sem þurfa á þjónustu bílaverkstæðis að halda eða vantar varahlut. Aðstoðarbílar FÍB verða þannig á fjölförnustu leiðum um verslunarmannahelgina. Auk þess verða verkstæði víða um land opin vegna neyðarþjónustu og bílaumboð og stærri varahlutasalar hafa skipulagt bakvaktir vegna varahlutaafgreiðslu fyrir milligöngu FÍB.

Skrifstofa FÍB hefur milligöngu varðandi aðstoðarbeiðnir um verslunarmannahelgina og þar verður vakt frá föstudegi til síðdegis á mánudag, í síma 4149999. Þegar ekki er vakt á skrifstofunni svarar FÍB Aðstoð í síma 5-112-112.

Nánar á www.fib.is.

---



*Elskaður eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ingólfur Hjartarson**
hæstaréttarlögmaður,
Ólafsgeisla 16, Reykjavík

lést að morgni fimmtudags 29. júlí.

**Lára Björnsdóttir**
**Jón Ingólfsson** — **Fjóla Ósk Gunnarsdóttir**
**Halldór Rúnar Jónsson, Iðunn Andrésdóttir, Elísabet Jónsdóttir,**
**Hildur Björg Ingólfsdóttir**
**Rebekka Lára Rósantsdóttir**
**Björn Freyr Ingólfsson** — **Birna Hlín Káradóttir**
**Húni Ingólfur Björnsson** — **Birnir Kári Björnsson**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann A. Gunnlaugsson**
fyrrverandi kaupmaður, Skúlagötu 40

sem andaðist á Droplaugarstöðum laugardaginn 24. júlí verður jarðsunginn frá Langholtskirkju þriðjudaginn 3. ágúst kl. 13.00.

**Ása Jónsdóttir**
**Ingi Valur Jóhannsson** — **Ragnheiður Harðardóttir**
**Jón Friðrik Jóhannsson** — **Guðrún Geirsdóttir**
**Gunnlaugur Helgi Jóhannsson** — **Áslaug Einarsdóttir**
**Gunnar Einar Jóhannsson** — **Linda Björk Bentsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Þórunnar Árnadóttur**
Seli Grímsnesi.

**Aðalbjörg Skúladóttir**
**Halldóra Þórdís Skúladóttir**
**Árni Kristinn Skúlason**
**Sigrún Guðmundsdóttir** — **Kristján Sigtryggsson**
**Unnur Ása Jónsdóttir** — **Skúli Kristinsson**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Jón Páls Guðmundsson**
áður til heimilis að Sléttuvegi 13, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 29. júlí á hjúkrunarheimilinu Skjóli.

**Valgerður Jónsdóttir**
**Ágúst Ingi Jónsson** — **Margrét Theodórsdóttir**
**Gísli Hafþór Jónsson** — **Jóhanna Úlfarsdóttir**
**Ásrún Jónsdóttir** — **Árni Már Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Kristín Sigtryggsdóttir**
Árskógum 6, Reykjavík

lést á heimili sínu föstudaginn 30. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Lína Þórðardóttir Jonsson**
**Sigurður Jónsson** — **Jófríður Halldórsdóttir**
**Áslaug Jónsdóttir** — **Róbert Melax**
**Ágústa Jónsdóttir** — **Helgi Baldvinsson**
**Steingrímur Jónsson** — **Ásta Kristín Davíðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Elskulegur faðir okkar*

**Friðrik Pétur Magnússon Welding**

lést þ. 16. júlí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jóna Fanney, Þórarinn og Unnur Munda.**

---



*Þökkum innilega auðsýnda aðstoð, samúð og heiður við andlát og útför ástkærrar móður okkar*

**Svandísar Ásmundsdóttur**
Hvassaleiti 58, Reykjavík

sem andaðist á Líknardeild Landspítalans 5. júlí sl.

**Jakob Ágúst Hjálmarsson**
**Martha Ásdís Hjálmarsdóttir**
**Hera Hjálmarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Ástkær móðir mín og amma okkar*

**Sigríður Tómasdóttir (Góa)**
Grænuhlíð 26, Reykjavík

lést á líknardeild Landspítalans 28. júlí.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju 6. ágúst kl. 13.

**Eva Sóley Sigurðardóttir**
**Gígja Sigríður Guðjónsdóttir**
**Karítas Sveina Guðjónsdóttir**

---



*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi*

**Ragnar Hreinn Ormsson**
stýrimaður, Básbryggju 9 Reykjavík

lést föstudaginn 23. júlí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 3. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er vinsamlegast bent á Slysavarnaskóla sjómanna, reikn. 0537-26-6396 kt. 560499-2139.

**Olga Björg Jónsdóttir**
**Ormur Hreinsson**
**Helga Helgadóttir**
**Helga Björg Ragnarsdóttir**
**Jón Hafsteinn Ragnarsson** — **Elísabet Erlingsdóttir**
**Kjartan Orri Ragnarsson**
**barnabörn**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og virðingu við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Sonju B. Helgason**
Bakkaseli 15, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Droplaugarstaða fyrir hlýja og góða umönnun.

**Þór Axelsson** — **Guðfinna B. Helgadóttir**
**Erla B. Axelsdóttir** — **Guðfinnur R. Kjartansson**
**Ósk Axelsdóttir** — **Sigurjón Sigurðsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



*Faðir okkar,*

**Þorsteinn Jónsson**
flugmaður,

sem lést á heimili sínu Skipasundi 40 miðvikudaginn 30. júní verður jarðsunginn frá Neskirkju miðvikudaginn 4. ágúst kl. 15.00.

**Sigurbjörn Þór Þorsteinsson**
**Jón Bergsveinn Þorsteinsson**
**Unnur Þorsteinsdóttir**
**og aðrir ástvinir**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma*

**Sigríður Unnur Konráðsdóttir (Didda)**
Langholtsvegi 142

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 22. júlí, verður jarðsungin frá Langholtskirkju miðvikudaginn 4. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Rjóðrið, heimili fyrir langveik börn, reikningsnúmer 0130-15-391861, kt. 681205-1870.

**Ægir Vigfússon**
**Viktor Ægisson** — **Guðrún Baldursdóttir**
**Konráð Ægisson** — **Þórunn Björg Birgisdóttir**
**Lúðvík Berg Ægisson** — **Guðrún Júlína Tómasdóttir**
**Aldís Björk Ægisdóttir**
**Guðlaug Konráðsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**






# Reykingasamfélagið

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Reykingafólk er samfélag innan samfélagsins. Það hópar sig saman í vinnu, til að svala fíkninni í fullkominni einingu. Reykingasamfélagið aðhyllist hugmyndir kommúnisma; allir skulu fá að reykja jafn mikið, ef einhver á ekki sígarettur er honum reddað og treyst til að deila þegar hann er klyfjaður. Loks skrásetja reykingamenn í huganum þá sem aðeins þiggja án þess að deila með samfélaginu.

**HUGSJÓNIN** er falleg, en eins og kommúnisminn neyðist reykingasamfélagið til að glíma við ógnarafl sem er að ganga af því dauðu: Fjöldann. Fjöldinn vinnur að því að gera líf reykingafólks bæði óbærilegra og kostnaðarsamara. Tilgangurinn hlýtur að vera algjör útrýming og það gengur sæmilega.

**VÍGIN** falla nefnilega eitt af öðru og eftir að forræðishyggjuliðið fattaði að Þorgrímur Þráinsson gerir það sama fyrir tóbaksforvarnir og Sóley Tómasdóttir fyrir réttindabaráttu kvenna hefur kyndilberum tóbaksframleiðenda fækkað ört. Einu sinni voru til dæmis öskubakkar á hverju heimili. Í dag krossleggur reykingafólk fingurna og óskar þess að það séu svalir þar sem það drekkur bjór á laugardögum.

**EINU** sinni mátti reykja í flugvélum. Það má ekki í dag og tilhugsunin er svo yfirgengilega viðbjóðsleg að virkustu skæruliðar reykingasamfélags myndu hugsa sig tvisvar um yrði það leyft á ný. Flugferðir eru nógu ömurleg lífsreynsla – sérstaklega fyrir þá sem eru ekki með gráðu í vélaverkfræði og/eða eru hærri en 180 sentimetrar. Ef það mætti reykja í þessum sjálfsvígshólkum myndi ég kyssa utanlandsferðir bless – sem væri eins og að sleikja öskubakka, ef mark er takandi á antí-reykingaáróðri tíunda áratugarins.

**STYTTRA** er síðan það mátti reykja inni á skemmtistöðum. Þegar reykingabannið var fyrst rætt var eins og ragnarök skemmtanalífs Íslands væru yfirvofandi. Allir sem einn áttu skemmtistaðir og barir að fara lóðbeint á hausinn og reykingasamfélagið átti ekki orð yfir fasisma stjórnvalda. Það er enn þá fullt af skemmtistöðum á Íslandi, þannig að vælið var í besta falli hystería. Hugsanlega í nikótínfráhvörfum.

**REYKINGAFÓLK** má reyndar eiga að það er einlægt í tillitsleysi sínu gagnvart öðru fólki. Það einfaldlega skilur ekki að fylgifnykurinn þeirra stígur upp úr ímynduðum glerhúsunum – enda er það löngu búið að mölva allar rúðurnar í baráttunni fyrir ömurlegum málstað sínum.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




facebook
Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is
50
MILLJÓNIR
GRÆDDU
OG GRILLAÐU
Sexfaldur Lottópottur stefnir í 50 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!
Lottó
31/07 2010 | WWW.LOTTO.IS



**THE TELEPATHETICS** Láta loksins sjá sig á sviði 7. ágúst næstkomandi.

# Hættu aldrei alveg

„Við hættum nú aldrei alveg. Síðastliðið ár var einn í Austurríki og annar í Danmörku en nú erum við allir á landinu og ákváðum að koma aftur á þessa tónleika," segir Hlynur Hallgrímsson, bassaleikari hljómsveitarinnar The Telepathetics.

Lítið hefur heyrst af hljómsveitinni síðastliðna mánuði en hún hefur nú ákveðið að spila á tónleikum á Faktorý 7. ágúst næstkomandi. Þetta mun vera í eina skiptið sem strákarnir setja á tónleika í þó nokkurn tíma því þeir fara svo í sundur aftur í vetur.

„Við sem heima vorum æfðum og sömdum eitthvað í vetur og höfum svo eytt sumrinu í að æfa saman og athuga hvort við höfum þetta ennþá. Við eigum helling af nýju efni sem við ætlum að spila en hendum því gamla góða auðvitað með," segir Hlynur.

Eftir að þessir tónleikar voru opinberaðir fengu þeir þó nokkuð af fyrirspurnum um aðra tónleika og ætla þeir að sjá hvernig þessir ganga áður en ákvörðun verður tekin með fleira. „Við tókum upp lög á nýja plötu um jólin síðustu og það á í raun bara eftir að fínpússa þau og henda plötunni út. En við tökum engar ákvarðanir fyrr en við sjáum hvernig þessir tónleikar fara," segir Hlynur að lokum. **- ls**

# Litaði hárið fyrir Friends

**Leikarinn Matt LeBlanc, sem sló í gegn sem Joey Tribbiani í þáttunum Friends, segist hafa litað hárið þegar hann lék í þáttunum.**

**„Ég litaði hárið allan tímann á meðan ég var í Friends. Ég þoldi ekki að þurfa að gera það," sagði hinn 43 ára LeBlanc, sem er núna gráhærður.**

**Nýjustu þættir hans nefnast Episodes. Þar leikur hann náunga sem heitir sama nafni og hann. „Þetta er bara persóna. Ég er ekki að leika sjálfan mig. Þátturinn snýst frekar um hvað almenningi finnst um mig heldur en mér sjálfum."**



**GRÁHÆRÐUR** Matt LeBlanc litaði hárið þegar hann lék í þáttunum Friends.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Spilar eftir flugeldasýninguna

Hljómsveitin Dikta spilar í annað sinn á Þjóðhátíð í Eyjum í kvöld eftir hina frægu flugeldasýningu. „Þetta verður þvílíkt stuð og heljarinnar ljósasýning," segir söngvarinn Haukur Heiðar Hauksson.

Hann hefur fulla trú á að tónleikarnir verði skemmtilegri en síðast þegar Dikta spilaði á Þjóðhátíð. „Við vorum í Eyjum 2003 ef ég man rétt. Við vorum ekki búnir að gefa út Hunting For Happiness og það vissu fáir hverjir við vorum. Við spiluðum klukkan þrjú að degi til á laugardegi og það lágu held ég tíu manns í brekkunni. Það voru örugglega átta af þeim enn þá dauðir frá því kvöldið áður þannig að það voru frekar fáir sem heyrðu þetta," segir hann. „Núna er búist við fimmtán til átján þúsund manns og það verður aðeins öðruvísi að heyra bróðurpartinn af því liði syngja með."



**DIKTA** Hljómsveitin Dikta spilar á Þjóðhátíð í Eyjum í annað sinn í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á morgun spilar Dikta síðan á hátíðinni Ein með öllu á Akureyri og í Sjallanum síðar um kvöldið. Í Sjallanum stíga einnig á svið Blaz-Roca og félagar og hljómsveitin Ourlives. „Við höfum aldrei verið á þeirri hátíð," segir Haukur um Eina með öllu. „Við höfum alltaf spilað frekar lítið um verslunarmannahelgina en núna ákváðum við að taka þetta með hvelli." **- fb**


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KARATE KID | kl. 1(650kr.) - 2-5.10-8-10.50 | L |
| KARATE KID LÚXUS | kl. 2-5.10-8-10.50 | L |
| BABIES | kl. 6-8 | L |
| PREDATORS | kl. 8-10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 1(950kr.) - 3.30-5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 1(650kr.) - 3.30 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.40-5.50 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8-10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 10 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | kl. 3 (650kr.) - 6-8-9-10.45 | L |
| BABIES | kl. 4-6 | L |
| PREDATORS | kl. 8-10.20 | 16 |
| KILLERS | kl. 3.30-8-10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.20 (650kr.) - 5.45 | L |
| THE A TEAM | kl. 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | kl. 3 (600kr.) - 5.30-8-10.30 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 3 (600kr.) - 5.30-8 | 12 |

ATH: Tímarnir gilda alla verslunarmannahelgina

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR GILDA LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | 2(600 kr), 5, 8 og 10 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 2(900 kr), 4 og 6 | L |
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 2(600 kr) og 4 | L |
| PREDATORS | 10.40 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| SORCERER´S APPRENTICE Forsýnd | kl. 10:30 | 7 |
| SHREK 3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| SHREK M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ensku Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 8 - 10 | L |
| BOÐBERI | kl. 5:50 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 - 5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 10:20 - 11 | 12 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE Forsýnd | kl. 8 | 7 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D M/ ensku Tali | kl. 5:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3-3D ísl. Tali | kl. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 8 | 7 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA 3D ísl tal | kl. 2 - 4 | L |
| SHREK FOREVER AFTER 3D ensku Tali | kl. 6 | L |
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:30 | 12 |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU









BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið í Bónus

LÆGRA VÖRUVERÐ Í 21 ÁR

BÓNUS

## Laugardagur 31.júlí
## 10.00-18.00

## Sunnudagur 1.ágúst
## 12.00-18.00

BÓNUS

# Lokað 2. ágúst

Lokað í öllum verslunum
Bónus á frídegi
verslunarmanna
mánudaginn 2. ágúst



## Góða ferð heim

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## > Valur missir aðal markaskorara sinn

Danni König er farinn frá Val til Brønshøj í heimalandi sínu, Danmörku. Það er uppeldisfélag Königs, sem er markahæsti leikmaður Vals í sumar með fimm mörk. Hann var með klásúlu í samningi sínum sem gerði honum kleift að fara til liðs í Evrópu bæri það víurnar í hann. „Þetta er áfall fyrir okkur og mjög óheppilegt,“ sagði Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Vals. Liðið hefur fengið írska framherjann Diarmuid O'Caroll í staðinn. „Sem betur fer vissum við af þessum strák sem vildi komast að í Skandinavíu. Við heyrðum í fyrrverandi þjálfurum hans og hann fékk ágætis meðmæli,“ sagði Gunnlaugur.



**sport**

sport@frettabladid.is

**JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON:** SKORAÐI GLÆSILEGT MARK GEGN ÍSLENDINGALIÐINU IFK GAUTABORG

# *Vona að ég hafi stimplað mig inn í byrjunarliðið*

Jóhann Berg Guðmundsson var ánægður að ná að „setja aðeins framan í Íslendingana í IFK Gautaborg,“ eins og hann orðar það. Jóhann spilaði sinn fyrsta alvöruleik í byrjunarliði AZ Alkmaar á fimmtudaginn og gerði sér lítið fyrir og skoraði mark dagsins með glæsiskoti utan teigs í stöngina og inn í 2-0 sigri. Leikurinn var í forkeppni Evrópudeildar UEFA.

„Ég spilaði nokkuð vel í leiknum,“ sagði Jóhann við Fréttablaðið þar sem hann spókaði sig í skrúðgöngu í miðbæ Alkmaar í steikjandi hita. „Ég fékk boltann ekki mikið í fyrri hálfleik en það rættist úr því í seinni hálfleik. Þegar ég fékk boltann gerðist alltaf eitthvað og ég bjó til fullt af færum,“ sagði Jóhann.

Hann sagði jafnframt að þjálfari liðsins hefði verið ánægður með hann og hrósað honum fyrir góðan leik og flott mark. Þjálfarinn er Gertjan Verbeek sem tók við liðinu í sumar.



„Ég vona að ég hafi stimplað mig inn í þessum leik. Markmiðið fyrir tímabilið var að hirða byrjunarliðssæti og ég er ánægður að fá tækifæri í fyrsta alvöruleik tímabilsins. Þegar nýr þjálfari kemur inn byrja allir á núllinu og maður verður að vinna fyrir föstu sæti í liðinu. Ég get ekki kvartað yfir nýja þjálfaranum, hann hlýtur að vera ánægður með mig núna þar sem ég byrjaði,“ sagði Jóhann.

Hollenska deildin byrjar um næstu helgi en fyrst spilar liðið seinni leikinn gegn IFK Gautaborg. Ef fram heldur sem horfir mun Jóhann spila stóra rullu í liðinu á komandi tímabili en Kolbeinn Sigþórsson er einnig á mála hjá félaginu.

Jóhann segir að það komi til greina að kíkja á Íslendingana þrjá í IFK Gautaborg í næstu viku þegar seinni leikurinn fer fram. Ragnar Sigurðsson, Hjálmar Jónsson og Theodór Elmar Bjarnason spiluðu allir í leiknum á fimmtudaginn var.

„Ég kíki kannski á þá ef þeir verða ekki fúlir,“ sagði Jóhann léttur og skellti sér aftur í skrúðgönguna sem var að ná hámarki í hádeginu í gær.



**AFTUR Í STJÖRNUNA** Garðar Jóhannsson er aftur kominn á æskuslóðir sínar í Garðabænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Breytingar hjá Stjörnunni:

## Steinþór fer en Garðar kominn

**FÓTBOLTI Stjörnumenn misstu í gær einn sinn allra sterkasta leikmann þegar Steinþór Freyr Þorsteinsson samdi við sænska B-deildarfélagið Örgryte. En Garðbæingum barst einnig góður styrkur þegar Garðar Jóhannsson gekk aftur í raðir félagsins en hann er uppalinn í Stjörnunni.**

**Garðar var síðast á mála hjá Hansa Rostock í Þýskalandi og verður frjálst að fara frá Stjörnunni ef honum berst tilboð frá erlendu félagi áður en félagaskiptaglugginn lokar í Evrópu þann 1. september.**

**Steinþór fer utan væntanlega eftir helgi en fram undan hjá Örgryte er barátta um sæti í sænsku úrvalsdeildinni. Félagið er sem stendur í sjötta sæti deildarinnar en hefur tapað fæstum leikjum allra liða.**

**- esá**

# Stærsta starf handboltaheimsins

**Guðmundur Guðmundsson er orðinn yfirmaður íþróttamála hjá þýska stórliðinu Rhein-Neckar Löwen samhliða sama starfi hjá danska ofurliðinu AG. „Fer vel saman með landsliðsþjálfarastarfinu.“**

**HANDBOLTI** Skartgripamógúllinn Jesper Nielsen er eigandi danska ofurliðsins AG København og aðaleigandi þýska stórliðsins Rhein-Neckar Löwen. Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari er yfirmaður íþróttamála hjá báðum félögunum en fyrr á þessu ári var hann ráðinn til AG til að byrja með. Starfssvið hans hefur nú verið stækkað.

Íþróttastjórastarfið hjá AG var einstakt í handboltanum og að vera með sama titil hjá einu allra besta liði Þýskalands gerir það enn stærra. Störfin gerast vart stærri í handboltaheiminum en annar Íslendingur, Alfreð Gíslason, stýrir Kiel sem er líklega stærsta þjálfarastarf handboltaheimsins.

„Ég er að vinna með Jesper fyrir bæði félögin en það er mikið samstarf á milli þeirra. Ég sinni ýmsum verkefnum hjá Rhein-Neckar Löwen sem snúa að íþróttalegu hliðinni hjá félaginu. Þar á meðal eru leikmannamál og ég vinn að því að finna leikmenn fyrir félögin,“ segir Guðmundur.

Hann segir að þrátt fyrir að hann sé að vinna fyrir tvö félög séu engir hagsmunaárekstrar í starfinu. „Þetta fer mjög vel saman. Þetta skarast ekkert og það er ekkert erfitt að velja hvaða leikmenn fara hvert ef ég finn einhvern,“ segir Guðmundur og bætir við að hugsanlega sé hægt að flytja leikmenn á milli félaganna.

Sem dæmi um samstarfið á milli félaganna eru þau nú bæði með liðin á Spáni í sameiginlegum æfingabúðum. Liðin spila æfingaleik í dag og hafa ráðið Claes Hellgren sem markmannsþjálfara fyrir bæði félögin.



**STÓRT STARF** Guðmundur hefur í nægu að snúast í Danmörku, Þýskalandi og með íslenska landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðmundur er einnig ánægður með hversu vel starfið fellur að hinu starfi hans, sem landsliðsþjálfari Íslands. „Þar sem ég vinn mikið í Danmörku og Þýskalandi fæ ég tækifæri til að sjá mikið af leikjum hjá Íslendingunum. Starf mitt felst að hluta til í því að horfa á leiki og greina þá. Auk þess eru auðvitað íslenskir landsliðsmenn hjá báðum félögum,“ segir Guðmundur sem nýtur liðsinnis Óskars Bjarna Óskarssonar á Íslandi.

Snorri Steinn Guðjónsson er einn leikmanna AG sem kom frá Löwen. Guðmundur hefur þegar fengið Ólaf Guðmundsson til AG frá FH þar sem hann verður í láni á næsta tímabili. Guðmundur útilokar ekki að fleiri íslenskir leikmenn komi til félaganna.

Guðmundur fær fullan stuðning til að halda áfram með íslenska landsliðið. „Þetta starf gerir það að verkum að ég kem enn ferskari inn í störf fyrir landsliðið. Ef ég væri aðalþjálfari hjá stóru félagsliði samhliða landsliðsþjálfarastarfinu væri ég kannski þreyttari. Það verður ekki uppi á teningnum og þetta verður engin kvöð. Ég get fengið mína útrás fyrir þjálfun með landsliðinu sem ég bíð spenntur eftir að gera.“ **hjalti@frettabladid.is**






**Í GRINDAHLAUPINU** Helga Margrét í fyrstu keppnisgreininni í sjöþrautinni í Barcelona í gær. Hún er önnur frá hægri. NORDIC PHOTOS/AFP

Íslendingar hafa lokið keppni á EM í Barcelona:

## Helga Margrét hætti í sjöþrautinni

**FRJÁLSAR** Helga Margrét Þorsteinsdóttir hætti í gær keppni í sjöþraut á EM í Barcelona eftir þrjár greinar. Hún náði sér ekki á strik í gær en um síðustu helgi var hún að keppa á heimsmeistara nítján ára og yngri í Kanada þar sem hún vann til bronsverðlauna.

Hún hljóp á 14,95 sekúndum í fyrstu greininni í gær sem var 100 hlaupa grindahlaup. Hún stökk svo 1,65 metra í hástökki og kastaði lengst 12,74 metra í kúluvarpi. Í öllum greinum var hún talsvert frá sínum besta árangri en hún þurfti að glíma við erfið meiðsli nú í vetur og vor.

Að loknum fyrri keppnisdegi í sjöþrautinni í gær var Jessica Ennis í efsta sæti með 4080 stig, 110 stigum á undan Nataliya Dobrynska frá Úkraínu.

Tveir aðrir Íslendingar voru í eldlínunni á mótinu í gær. Óðinn Björn Þorsteinsson gerði ógilt í öllum þremur tilraunum sínum í kúluvarpi karla og féll þar með úr leik. Þá varð Þorsteinn Ingvarsson í 26. sæti í langstökki karla er hann stökk lengst 7,59 metra sem er 20 sentimetrum frá hans besta árangri. Hann komst ekki í úrslit.

Allir Íslendingarnir hafa nú lokið keppni í Barcelona. Einn komst í úrslit í sinni grein en Ásdís Hjálmsdóttir varð tíunda í spjótkasti kvenna.

**- esá**

# SJÓNVARPSTILBOÐ




## TOSHIBA

**Toshiba 32AV605PG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, 20w Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, VGA, Component, Composite, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 89.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




## UNITED

**United 22DD91HD**
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1680x1050 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum**.

**TILBOÐ ▶ 59.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




## UNITED ÖRÞUNNT LED

**United LED9022DVBT2** Aðeins 2.5sm þykkt
22" LCD BREIÐTJALD með stafrænum DVB-T móttakara, 1920x1080 upplausn, dýnamískri 15000:1 skerpu, 3D Comb filter, Nicam Stereó, HDMI, Scart, SPDIF Digital coaxial, VGA og heyrnartólstengi. Aðeins 2,5 sm á þykkt. 12 og 230 volt.

**TILBOÐ ▶ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




## THOMSON

**Thomson 32HR3234**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p HD upplausn, Progressive Scan, 25.000:1 skerpu, HD Natural Motion, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 3 x HDMI, 2 x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 109.990




## TOSHIBA

**Toshiba 32AV636DN**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p upplausn, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, DVB-T/C móttakara, Resolution+ (meiri myndgæði), USB 2.0, 4 HDMI, 2x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




## TOSHIBA

**Toshiba 40LV685DN**
40" Full HD LCD breiðtjald með 1920x1080p upplausn, 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, DCDi Faroudja uppskölun, dýnamískri 50.000:1 skerpu, stafrænum DVB-T móttakara og Freeview digital tuner, Game Mode, Auto Backlight Control - sjálfvirkri baklýsingu, Luma Sense - Tekur mið af birtu í herbergi, USB 2.0, 4 HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ ▶ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 179.990




## JVC DynaPiX Plus

**JVC LT42DA9**
42" LCD HD BREIÐTJALD með 1366x768p upplausn, DynaPix Plus myndtækni sem fjölgar línum og punktum, 1.000:1 skerpu, 5ms svartíma, HD Ready, 2 Scart, 3 HDMI, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 159.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




## TOSHIBA

**Toshiba 42XV635DN**
42" Full HD LCD BREIÐTJALD með DVB-T móttakara og Freeview digital tuner, 100 Hz, 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, 1920x1080p uppl., dýnamískri 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, DCDi Faroudja uppskölun, Game Mode, Digital Noise Reduction, 4x HDMI, 2x Scart, Game Mode, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 259.990




## PHILIPS

**Philips 42PFL7404**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p Full-HD upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, 80.000:1 skerpu, HD Natural Motion, 3ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, 4 x HDMI, 2 x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 209.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990

**LOKAÐ ER UM VERSLUNARMANNAHELGINA**

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

## > Audrey Hepburn

„Ég elska fólk sem fær mig til þess að hlæja. Mér finnst í sannleika sagt hlátur vera það sem ég kann best við. Hláturinn lagar allt það sem er miður. Hláturinn er líklega mikilvægasti eiginleiki manneskju.“

Audrey Hepburn sló í gegn í kvikmyndinni Morgunverður á Tiffany's, en myndin verður sýnd í Sjónvarpinu kl. 21.05.



# dagskrá
sunnudagur

## MÁNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.10**

### Lie To Me

Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra með ótrúlega nákvæmum vísindum sem snúa að mannlegri hegðun. Með sálfræði, atferlisfræði og einstökum hæfileikum í að greina í andlitsdráttum skjólstæðinga hvort þeir segi sannleikann eða séu að ljúga, leysir Lightman-hópurinn hin ýmsu mál.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Monk**
**Stöð 2 kl. 20.25**

Monk heldur uppteknum hætti og aðstoðar lögregluna við lausn hinna undarlegustu sakamála sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Húrra fyrir Kela, Kóalabræður, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Disneystundin, Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir, Finnbogi og Felix, Galdrakrakkar
**10.15 Popppunktur** (Átta liða úrslit) (e)
**11.10 Hlé**
**16.30 Austfjarðatröllið** Fylgst er með aflraunakeppninni Austfjarðatröllið 2009.
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Litli draugurinn Laban** (1:6) (Lilla spöket Laban)
**17.37 Sögustund með Mömmu Marsibil** (1:6)
**17.48 Með afa í vasanum** (1:6)
**18.00 Krakkar á ferð og flugi** (3:10) (e)
**18.25 Út og suður** (11:15) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Fagur fiskur í sjó** (3:8) (Kafað í djúpið) Þáttaröð um fiskmeti og matreiðslu á því. Í hverjum þætti verður fjallað um eitt hráefni: humar, skelfisk, chili, fiskisúpur, þorsk, sushi, lax og eða silung.
**20.05 Hvaleyjar** (4:12) (Hvaler)
**21.00 Sunnudagsbíó - Morgunverður á Tiffany's** (Breakfast at Tiffany's) Bandarísk Óskarsverðlaunamynd frá 1961.
**22.55 Allir litir hafsins eru kaldir** (3:3) Íslenskur sakamálaflokkur. (e)
**23.45 Strákarnir okkar** Bíómynd frá 2005 eftir Róbert I. Douglas. (e)
**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**10.35** Dancing With The Stars **11.15** My Family **11.45** My Family **12.15** My Family **12.45** My Family **13.15** My Family **13.45** Only Fools and Horses **14.15** Only Fools and Horses **14.45** Only Fools and Horses **15.15** Only Fools and Horses **15.45** ‚Allo ‚Allo! **16.15** Robin Hood **17.00** Dancing With The Stars **18.05** Tess of the D'Urbervilles **19.00** Dancing With The Stars **19.45** Little Britain **20.15** Little Britain **20.45** Doctor Who **21.30** Doctor Who **22.15** Doctor Who **23.00** Doctor Who **23.45** Doctor Who

## STÖÐ 2

**07.00 Aðalkötturinn**
**07.30 Lalli**
**07.40 Harry og Toto**
**07.50 Hvellur keppnisbíll**
**08.00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Gulla og grænjaxlarnir, Brunabílarnir, Könnuðurinn Dóra, Ofurhundurinn Krypto
**09.30 Tommi og Jenni**
**09.50 Ógurlegur kappakstur**
**10.10 Histeria!**
**10.30 Flubber**
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 America's Got Talent** (9:26)
**14.30 Mercy** (14:22)
**15.15 Gossip Girl** (18:22)
**16.05 The Big Bang Theory** (15:23)
**16.30 Modern Family** (8:24)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.10 Frasier** (4:24)
**19.35 Ramsay's Kitchen Nightmares** (4:4)
**20.25 Monk** (6:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk.
**21.10 Lie to Me** (8:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman.
**21.55 Doubt** Mögnuð verðlaunamynd með Óskarsverðlaunaleikurunum Meryl Streep og Philip Seymour Hoffman í aðalhlutverkum.
**23.40 Knocked Up** Rómantísk gamanmynd.
**01.45 Stakeout** Sígild gamanmyndin með Richard Dreyfuss og Emilio Esteves í aðalhlutverki.
**03.40 Bandidas** Hressandi gamanmynd með Sölmu Hayek og Penélope Cruz í aðalhlutverkum.
**05.10 Torchwood** (5:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files.
**06.00 Fréttir** (e)

## SPORT
besta sætið

**08:30 KR - Fram** Sýnt frá leik í undanúrslitum VISA bikar karla í knattspyrnu.
**10:20 Búdapest**
**11:30 Búdapest** Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Búdapest.
**14:15 F1: Við endamarkið** Farið yfir keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum.
**14:45 FH - Haukar** Sýnt frá leik FH og Hauka í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**16:35 Pepsímörkin 2010**
**17:55 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði.
**18:30 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**19:00 The Greenbrier Classic** Bein útsending frá The Greenbrier Classic mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni í golfi.
**22:00 Búdapest**
**00:00 F1: Við endamarkið** Keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum skoð uð í þaula.

## SPORT 2
enski boltinn

**08.40 Celtic - Lyon** Sýnt frá leik Celtic og Lyon á Emirates Cup-mótinu.
**10.30 Arsenal - AC Milan** Sýnt frá leik Arsenal og AC Milan á Emirates Cup-mótinu.
**12.20 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**12.50 AC Milan - Lyon**
**15.10 Arsenal - Celtic**
**19.00 Arsenal v Tottenham** Magnaðir þættir þar sem rígur helstu stórvelda Evrópu er skoðaður innan vallar sem utan. Í þessum þætti verður fjallað um ríg Arsenal og Tottenham ásamt því að kíkt verður til Króatíu og Zagreb skoðuð.
**19.55 Football Legends - Eusebio**
**20.25 AC Milan - Lyon**
**22.15 Arsenal - Celtic**

## EXTRA

